

Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess

Áfangaskýrsla

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir
Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir
Inga Dóra Sigfúsdóttir



RANNSÓKNIR & GREINING EHF
Icelandic Center for Social Research and Analysis



Dóms- og
kirkjumálaráðuneytið

Vændi á Íslandi

og félagslegt umhverfi þess

ÁFANGASKÝRSLA

BRYNDÍS BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR
HÓLMFRÍÐUR LYDÍA ELLERTSDÓTTIR
INGA DÓRA SIGFÚSDÓTTIR



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Laugavegi 58b – 101 Reykjavík

sími 535 3800 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

Unnið að beiðni:
DÓMS- OG
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTISINS

© 2001 *Rannsóknir & greining*

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna & greiningar.

Með þessum orðum er fylgt úr hlaði nýrri skýrslu um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess. Ég óskaði eftir því að rannsókn yrði unnin um þetta efni á síðasta ári og fékk til verksins rannsóknamiðstöðina *Rannsóknir & greiningu*. Ég tel að þessi rannsókn á vændi á Íslandi marki nokkur tímamót og ryðji í vissum skilningi brautina fyrir frekari rannsóknir og umfjöllun um þetta viðkvæma viðfangsefni.

Þessi skýrsla lýsir ekki fögrum heimi. Hún bregður ljósi á þær aðstæður sem leiða einstaklinga út í vændi, lýsir umhverfi og hættunum sem steðja að þeim sem það stunda og veitir innsýn í þá andlegu vanlíðan sem því einatt fylgir.

Umræða um kynlífsþjónustu af ýmsum toga hefur verið áberandi á opinberum vettvangi á liðnum misserum, enda hafa ákveðnar breytingar orðið í íslensku samfélagi að þessu leyti. Umræðan hefur hins vegar að nokkru leyti mótast af getsökum, fremur en ljósum staðreyndum eða traustum reynslurökum. Þessi rannsókn er m.a. hugsuð til þess að leggja grundvöll að upplýstri umræðu um þetta málefni og opinberri stefnumótun til framtíðar.

Ég vil að lokum þakka skýrsluhöfundum fyrir gott verk og vona að sú skýrsla sem hér liggur fyrir komi að því gagni sem að er stefnt.

Sólveig Pétursdóttir

dómsmálaráðherra.

EFNISYFIRLIT

MEGINATRÍÐI RANNSÓKNARINNAR	7
1. INNGANGUR.....	12
MARKMIÐ	13
STAÐA ÆKINGAR Á ÍSLANDI.....	14
STAÐA ÆKINGAR ERLENDIS	15
2. RANNSÓKNARAÐFERÐ.....	19
EIGINDLEGAR AÐFERÐIR	19
ÞÁTTTAKENDUR.....	20
GREINING GAGNA	22
3. VÆNDI Á ÍSLANDI	23
EINSTAKLINGAR Í VÆNDI Á ÍSLANDI	23
<i>Nauðarvændi meðal unglinga</i>	<i>23</i>
<i>Vændi meðal fullorðinna.....</i>	<i>31</i>
SKIPULAGT VÆNDI Á ÍSLANDI	40
<i>Kynlífs- og kærastavændissalar</i>	<i>42</i>
<i>Vændissalar og vændishús</i>	<i>45</i>
<i>Vændissalar innan nektardansstaða.....</i>	<i>50</i>
BARNVÆNDI	62
4. FÉLAGSLEGT UMHVERFI VÆNDIS	71
<i>Kynferðislegt ofbeldi</i>	<i>73</i>
<i>Fjölskylduaðstæður</i>	<i>76</i>

<i>Vímuefnaneysla</i>	77
5. HEILSA OG LÍÐAN EINSTAKLINGA Í VÆNDI	79
6. VANGAVELTUR UM ÚRRÆÐI	84
FÉLAGS-OG HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA	84
LÖGGJÖF	86
7. NIÐURLAG	88
HEIMILDIR.....	91

Meginatriði rannsóknarinnar

Markmið rannsóknarinnar var að svara þeirri spurningu hvort vændi fyrirfyndist á Íslandi og ef svo væri, í hvaða mynd það birtist. Með vændi er átt við skipti á kynmökum fyrir peninga, vímuefni eða greiða. Ekki var leitast við að meta umfang vændis heldur að skilja eðli þess og félagslegt samhengi. Til að nálgast upplýsingar um viðfangsefnið var eigindlegum rannsóknaraðferðum beitt þar sem tekin voru viðtöl við sérfræðinga sem höfðu kynnst vændi í gegnum starf sitt og einstaklinga sem þekktu til vændis af eigin raun. Sé viðtalsaðferð beitt, með þessum hætti, er leitast við að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu en unnt er að ná fram með öðrum rannsóknaraðferðum. Með þessari rannsóknaraðferð er hins vegar ekki unnt að leggja mat á umfang vændis í samfélaginu.

Niðurstöður leiddu í ljós að vændi á sér stað á Íslandi meðal þeirra hópa sem athugunin náði til, það er vændi meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu og vændi tengt starfsemi nektardansstaða.

Nauðarvændi meðal unglinga

Vændi sem unglingar í vímuefnaneyslu stunda má kalla nauðarvændi eða “survival sex” en það virðist í meginhluta tilvika stundað í þeim tilgangi að afla sér lífsviðurværis. Í því felst að skipta á kynmökum fyrir húsaskjól, mat, vímuefni, peninga eða annað.

Um er að ræða bæði stelpur og stráka frá 13 til 18 ára sem eiga það sameiginlegt að neyta vímuefna. Þannig er vændi ein leið til að fjármagna vímuefnaneysluna, leið sem stúlkur fara í fleiri tilvikum en strákar. Strákarnir leiðast hins vegar frekar út í afbrot eða sölu og dreifingu vímuefna til að fjármagna neyslu sína. Viðmælendur segja erfiðar félagslegar aðstæður einkenna þennan hóp ungmenna sem leiðst hefur út í nauðarvændi¹.

¹Félagslegt samhengi frávikahæðunar meðal unglinga hefur verið viðfangsefni í mörgum rannsóknum hjá Rannsóknum & greiningu og er því kunnuglegt félagsvísindafólki sem þar starfar. Félagslegt samhengi nauðarvændis færir nýja vídd inn í þær rannsóknir.

Þessir krakkar hafi oft brotið bakland eða hafi lent í áföllum á lífsleiðinni. Þá er sjálfsmynd þeirra oft brotin og sú reynsla að hafa selt sig reynist þeim oft mjög erfið.

Flest þessara ungmenna líta ekki á þessi skipti kynmaka sem hefðbundið vandi þar sem það er ekki skipulagt af þriðja aðila og oft eru ekki beinhardir peningar á borðinu. Nauðarvandi á sér stað bæði innan vímuefnahópsins og utan, en utan hópsins virðist frekar vera um beina sölu á kynmökum að ræða. Í slíkum tilfellum eru kaupendur eldri eða á aldrinum 20-50 ára. Viðmælendur segja þessa fullorðnu aðila vera að misnota sér bágar aðstæður ungmennanna.

Vændi meðal fullorðinna einstaklinga

Meðal eldri einstaklinga virðist vandið vera skipulagðara og hópur kaupenda orðinn afmarkaðri og skiptin reglulegri. Slíkt vandi fer oft fram í heimahúsum eða á öðrum umsömdum stöðum. Þá er tilviljanakennt götuvandi einnig til staðar meðal eldri einstaklinga en viðmælendur segja þar oft koma við sögu meiri vímuefnaneysla og ofbeldi. Þeir einstaklingar sem fara markvissari leiðir til að nálgast viðskiptavinum gera það meðal annars í gegnum auglýsingar í dagblöðum, á símalínunum og á Internetinu. Þá vekur athygli að með tilkomu nektardansstaða virðast einstaklingar í vandi nýta sér þá til að komast í samband við hugsanlega viðskiptavinum.

Milligönguaðilar-vændissalar

Með skipulögðu vandi er átt við vandi þar sem þriðji aðili skipuleggur og hefur milligöngu milli þess sem selur sig og þess sem kaupir vandi. Þessa aðila mætti því kalla vændissala, þó í hefðbundnum skrifum séu þeir nefndir hórmanngarar. Skipulagt vandi birtist í ýmsum myndum hér á landi sem og annars staðar. Í samræmi við niðurstöður rannsókna í Noregi á ólíkum hópum vændissala gefa niðurstöður til kynna að á Íslandi megi skipta vændissölum í fjóra hópa eftir tengslum þeirra við þann sem þeir selja. Til eru vændissalar sem eru kærastar þeirra sem þeir selja, sem eru í kynlífssamabandi við þann sem þeir selja, aðilar sem selja fleiri en einn einstakling, svo sem í ákveðnum vændishúsum eða íbúðum og að lokum vændissalar sem starfa í tengslum við nektardansstaði. Í fyrrgreindum tilvikum er oft um að ræða samband sem byggist

ekki á jafnræðisgrundvelli. Þannig hefur vændissalinn oft bein yfirráð yfir þeim einstaklingum sem hann selur og beitir stundum til þess kúgunum og ofbeldi.

Til að komast í samband við stúlkur sem líklegar eru til að leiðast út í vændi beita þessir aðilar ýmsum aðferðum. Það þekkist að þeir fari sjálfir í meðferðir gagngert til að komast í kynni við ungar stúlkur sem eru í meðferð vegna vímuefnaneyslu.

Nektardansstaðir

Í viðtölum við nektardansara og aðra starfsmenn þeirra komu fram vísbendingar um að skipulagt vændi færi fram í tengslum við nektardansstaði. Tilgreindir voru þrír til fjórir nektardansstaðir í Reykjavík þar sem heimildarmönnun bar saman um að slíkt vændi færi fram.

Þá staðfestu allir viðmælendur að óskipulagt vændi færi fram á mörgum þessara staða þar sem einstakir dansarar seldu viðskiptavinum kynmök, ýmist í einkadansklefum eða annars staðar. Viðmælendur sögðu nektardansstaðina mjög ólíka í þessum efnum og yfirmenn þeirra taka mishart á slíku athæfi.

Margt bendir til þess að stúlkur frá ákveðnum löndum utan EES svæðisins ráðist frekar til starfa á nektardansstaði á Íslandi þar sem vændi tengist starfinu. Ástæða þess sé bágur bakgrunnur stúlkanna og erfiðar aðstæður í heimalandi. Viðmælendur sögðu umboðsskrifstofur í þessum og fleiri löndum bjóða upp á mismunandi gerðir af nektardönsurum, þar á meðal stúlkur sem stundi vændi. Svokallaðar XXX stelpur, sem stendur fyrir „sex”.

Með tilkomu reglna um atvinnuleyfi fyrir nektardansara sem koma frá svæðum utan EES má ætla að eftirlit og réttindi þeirra aukist hér á landi. Þó telja heimildarmenn ólíklegt að þessar reglur dragi úr eftirspurn og komu nektardansara frá þessum löndum til Íslands. Þannig má benda á að á fyrstu fjórum mánuðunum frá þessari breytingu voru gefin út 142 atvinnuleyfi fyrir nektardansara frá svæðum utan EES svæðisins.

Barnavændi

Niðurstöður gefa til kynna að barnavændi eigi sér stað á Íslandi en slíkt mál hefur aldrei verið kært til lögreglu á Íslandi. Lögreglan hefur þó haft afskipti af málum tengdum barnaníðingum og barnafiklum.

Í skýrslunni er viðtal við konu sem var misnotuð í æsku af föður sínum og seld til annarra manna í skiptum fyrir fíkniefni. Hún segir að þessi hópur hafi haft það sameiginlegt að girnast stúlkubörn og haft áhuga á barnaklámi. Viðmælendur segja þessa menn leita hvorn annan uppi og sækjast eftir samþykki og réttlætingu hjá sínum líkum. Internetið auðveldar samskipti milli þeirra innanlands sem utan. Þannig er Ísland ekki lengur eyland í þessum efnum. Í niðurstöðum er bent á að þar sem meðferðir fyrir barnaníðinga skila oft litlum árangri hefur áherslan í ríkara mæli verið lögð á tilkynningarskyldu og eftirlit með mönnum sem hafa hlotið dóma fyrir misnotkun á börnum.

Félagslegt umhverfi vændis

Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að einstaklingar í vændi séu líklegri en aðrir til að hafa lent í kynferðislegu ofbeldi í æsku, hafa verið í vímuefnaneyslu, að hafa hlaupist ungir að heiman og að hafa skort eftirlit og umsjón foreldra. Sérfræðingar sjá þetta munstur í lífi þeirra einstaklinga sem sækja aðstoð til sérfræðinga í heilbrigðis- og félagsþjónustu á Íslandi.

Vandamál einstaklinga sem leiðast út í vændi eru margþætt. Sjálfsmat þeirra er oft mjög lágt og algengt er að kvíði, þunglyndi og sjálfsmorðshugsanir hrjái þá. Oft þarf langar meðferðir til að vinna úr afleiðingum vændis og þess sem á undan hefur gengið. Þeir einstaklingar sem rætt var við og höfðu leiðst út í vændi segja vonleysi, vanlíðan og hræðslu hafa fylgt lífern þeirra.

Vangaveltur um úrræði

Með auknum skilningi og þekkingu á þeim erfiðu aðstæðum sem einstaklingar sem leiðast út í vændi eru í hefur mikil áhersla verið lögð á það erlendis að finna tilskilin úrræði þeim til handa. Á Norðurlöndunum hafa ýmsar leiðir verið farnar í þessum tilgangi. Þar má meðal annars nefna hlut

löggjafarvaldsins og réttarkerfisins og hlut félags- og heilbrigðiskerfisins í að koma á sérfræðisþjónustu og aðstoð. Þess má geta að slík sérsniðin félags- og heilbrigðisþjónusta er ekki til hér á landi. Þá er Ísland eina landið á Norðurlöndunum sem stundun vændis til framfærslu er refsiverð. Afnáam slíkra refsinga hefur verið rökstutt með því að vændi sé félagslegt vandamál sem ætti að fyrirbyggja með félagslegum úrræðum. Þá hafa Svíar gengið skrefinu lengra og gert kaup á vændi refsiverð með lögum.

1. Inngangur

Vændi hefur lengst af verið einn af þeim þáttum samfélagsins sem vakið hefur sterk tilfinningaviðbrögð og umræðu. Þar til nýlega hafa hins vegar fáar vísindalegar rannsóknir verið gerðar á viðfangsefninu og fræðileg umræða verið nánast engin (Bullough og Bullough, 1998). Skortur á rannsóknum og fræðilegri umfjöllun hefur leitt til þess að umræða um umfang, eðli og orsakir vændis hefur oft verið úr lausu lofti gripin. Hefðbundin skrif um vændi voru lengst af ýmist af siðferðilegum toga eða af þeim toga sem kalla má „pornografik“. Orðið „pornografi“ er einmitt leitt af gríska orðinu *pornographos*, sem merkir skrif vændiskvænna eða skrif um vændiskonur.

Síðustu þrjú áratugi hefur viðfangsefninu hins vegar verið veitt aukin athygli fræðimanna. Tilkomu fræðilegra rannsókna á vændi, á undanförunum áratugum, má skýra með tveimur meginþáttum: Annars vegar með öflugum forvarnarstarfi sem víða beinist gegn alnæmi og hins vegar þeim áhuga sem femínistar hafa endurvakið á viðfangsefninu meðal almennings (McCaghy, Capron og Jamieson, 2000; Bullough, Elcano, Deacon og Bullough, 1977; Bullough og Sentz, 1992). Þessar rannsóknir eru þó margar hverjar ekki enn byggðar á traustum reynslurökum (Bullough, o.fl. 1977; Bullough og Sentz, 1992).

Kynlífsiðnaður vísar til klámtímarita, nektardansstaða, klámmyndbanda, barnakláms, kláms á Internetinu, skipulags vændis, götuvændis, símavændis, erótískra nuddstofa og

fylgdarþjónustu. Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um aukin umsvif þessa iðnaðar á Íslandi. Þannig hefur nektardansstöðum í Reykjavík til að mynda fjölgað úr einum, frá því fyrsti staðurinn opnaði árið 1995, í sjö árið 2000. Þá vakti ákall Vaira Víke-Freiberga, forseta Lettlands, athygli á þessum málum á alþjóðlegri kvennaráðstefnu sem haldin var á Íslandi haustið 1999. Hún lýsti skelfilegu ástandi í Eustrasaltslöndunum þar sem skipulagður útflutningur kvenna til Vesturlanda ætti sér stað, ekki síst til Norðurlanda. Í skýrslu nefndar um afnám mismununar gegn konum, sem kynnt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september árið 1999, var ályktað að hátt á annað hundrað þúsund konur og börn frá löndum Austur-Evrópu hafi leiðst út í vændi ár hvert það sem af var þeim áratug. Þessari verslun með fólk hefur verið líkt við nútíma þrælasölu. Í kjölfar þessarar þróunar hafa vaknað spurningar um tilvist vændis hér á landi. Veturinn 1999 til 2000 spunnust miklar umræður um starfsemi nektardansstaða og hugsanlegt vændi hér á landi. Dómsmálaráðherra tók þá ákvörðun að láta fara fram fræðilega úttekt á viðfangsefninu og leitaði í þeim tilgangi til rannsóknamiðstöðvarinnar Rannsóknir & greining. Rannsóknin hefur nú staðið yfir í um hálf tveimur árum og eru frumniðurstöður hennar kynntar í þessari skýrslu.

Markmið

Í rannsókninni var leitast við að svara þeirri spurningu hvort vændi fyrirfyndist á Íslandi og ef svo væri, í hvaða mynd það

birtist. Með vandi er átt við skipti á kynmökum fyrir peninga, vímuefni eða greiða. Ekki var leitast við að meta umfang vændis heldur að skilja eðli þess og félagslegt samhengi, en erlendar rannsóknir hafa gefið að vandi tengist meðal annars kynferðislegu ofbeldi í æsku, vímuefnaneyslu og þess að hafa hlaupist ungur að heiman. Kannað var hvort vandi væri stundað meðal fólks á Íslandi í þeim tilgangi að verða sér úti um vímuefni, peninga, húsaskjól, mat eða annað. Annars vegar var athugað hvort vandi ætti sér stað meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu og hins vegar hvort vandi tengdist starfsemi nektardansstaða.

Staða þekkingar á Íslandi

Fjölmiðlum hefur orðið nokkuð tíðrætt um vandi á undanförunum árum. Meðal annars birtist grein í Mannlífi árið 1997 (Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, 1997), þar sem íslensk kona segir frá þátttöku sinni í skipulögðu vandi í vændishúsi í Reykjavík. Nýleg umfjöllun um vandi á Íslandi var í þáttunum „Sex í Reykjavík” sem sýndir voru á Stöð 2 vorið 2000 (Ragnheiður Eiríksdóttir og Sigursteinn Másson, 2000). Þar kom fram að hægt væri að kaupa kynmök meðal annars gegnum auglýsingar blaða og erótískar símalínur. Fræðileg umfjöllun um vandi hér á landi hefur hins vegar verið af skornum skammti. Aðeins ein rannsókn hefur áður verið gerð á viðfangsefninu en það er rannsókn Hansínu B. Einarsdóttur frá árinu 1985. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við einstaklinga sem höfðu stundað vandi á Íslandi. Niðurstöður

sýndu að um þrjár gerðir vændis var að ræða. Það er vændi sem tengdist ungu fólki í vímuefnaneyslu, skipulagt vændi og vændi þar sem ungar stúlkur auglýstu í smáauglýsingum dagblaða og buðu upp á fínni og dýrari „þjónustu” (Hansína B. Einarsdóttir, 2000).

Staða þekkingar erlendis

Parént-Duchalatet lýsti vændiskonum Parísarborgar, á fyrri hluta nítjándu aldar, sem fátækum unglingsstúlkum frá brotnum heimilum. Yfirleitt voru þær ólæsar, stunduðu vændi aðeins í stuttan tíma og vildu gjarnan finna sér annan farveg í lífinu, hefðu þær átt þess kost. Þessi lýsing, stundum orðuð sem „hjálparvana”, „heimilislausar”, eða „eignarlausar” kom fram í mörgum öðrum athugunum (Parént-Duchalatet, 1937; Kneeland, 1913; Winick og Kinsie, 1971).

Í þessum upphaflegu athugunum á félagslegu umhverfi vændis var megináhersla lögð á fjárhagslega afkomu og lága stéttarstöðu sem skýringu á vændi. Á undanförunum 30 árum hafa ýmsar athuganir verið gerðar í löndum Vestur-Evrópu og Ameríku á eðli vændis og félagslegu umhverfi þeirra einstaklinga sem það stunda (Bullough, og Bullough, 1998). Þessar síðari rannsóknir á viðfangsefninu líta frekar til annarra þátta, svo sem erfiðra fjölskylduaðstæðna eða vanrækslu, kynferðislegrar misnotkunar í bernsku og vímuefnaneyslu. Þó eru rannsóknarmenn almennt á sama máli um það að vændi birtist í mörgum myndum og að ólíkar aðstæður verða til þess að einstaklingar leiðast út í vændi. Þannig er ekki til einn

sameiginlegur þáttur sem orsakar það að fólk leiðist út í vændi heldur er um flókið samspil fleiri þátta að ræða (Winick og Kinsie, 1971; McCaghy, C., H., Capron, T., A. og Jamieson, J., D., 2000). Þrátt fyrir að vændi fyrirfinnist bæði meðal karla og kvenna hafa fáar rannsóknir beinst að kynjamun tengdum orsökum og afleiðingum vændis. Vegna þessa fjalla flestar þær erlendu rannsóknir sem hér verður getið um félagslegt umhverfi vændis meðal kvenna.

Kynferðislegt ofbeldi

Erlendar rannsóknir sýna að kynferðislegt ofbeldi í æsku auki líkur á því að einstaklingur leiðist út í vændi síðar á ævinni. Þannig hafa niðurstöður gefið til kynna að allt frá 50% til 90% kvenna í vændi hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 16 ára aldur (James og Meyerding, 1977; Farley og Barkan, 1998; McCaghy, Capron og Jamieson, 2000). Þá leiddu niðurstöður Widom og Ames (1994) í ljós að konur sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun voru 28 sinnum líklegri til að hafa verið handteknar fyrir vændi síðar á ævinni en konur sem ekki höfðu orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í bernsku. Þannig hafa rannsóknir sýnt að kynferðislegt ofbeldi í æsku hafi margþættar afleiðingar. Þar á meðal leiði það til lægra sjálfsmats fórnarlamba og algengt sé að þau upplifi sjálf sig sem kynferðislega minna virði en aðra, sem spillta og jafnvel vonda einstaklinga sem ekkert gott eiga skilið (Deisher, Robinson, og Boyer, 1982).

Vímuefnaneysla

Vímuefnaneysla getur gert ungmenni bæði tilfinningalega og fjárhagslega berskjölduð fyrir því að fara út í vændi (Yates, o.fl., 1991; Goldstein, Ouellet, og Fendrich, 1992; Miller, 1995). Þetta styður norsk rannsókn sem gerð var meðal 14-17 ára unglunga sem leiddi í ljós að mikil neysla áfengis og ólöglegra vímuefna tengdist því helst hverjir höfðu selt kynmök einu eða oftár (Pedersen og Hegna, 2000). Rannsóknir á vímuefnaneyslu einstaklinga í vændi hefur meðal annars verið athuguð meðal unglunga, kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, stúlkna sem hafa hlaupist að heiman og kvenna á meðferðarheimilum en niðurstöður hafa almennt sýnt að þessir einstaklingar neyti vímuefna í meira mæli en aðrir (Seng, 1989, Rotheram-Borus, Mahler, og Koopman, o.fl., 1996). Þó svo margar rannsóknir hafi staðfest tengsl milli vímuefnaneyslu og vændis þá hefur reynst erfitt að alhæfa um það hvað er orsök og hvað er afleiðing. Þannig hafa niðurstöður gefið til kynna að sumir einstaklingar fari í vændi til að fjármagna vímuefnaneyslu en aðrir hefji neyslu vímuefna eftir að hafa byrjað í vændi (Kuhn, Heide og Silverman, 1992; James, 1976).

Fjölskylduaðstæður

Vandamál innan fjölskyldna geta leitt til þess að börn og unglingar leiti í annað umhverfi og hlaupist að heiman. Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna að börn og unglingar sem hlaupast að heiman og búa við margbreytilegar

aðstæður eða heimilisleysi séu líklegri til að leiðast út í vændi en þau sem búa heima (Greene o.fl., 1999; Seng, 1989; Høigård og Finstad, 1986; Regoli og Hewitt, 2000). Þannig kynnist þessi hópur ungmenna auðveldlega götumeningunni þar sem vímuefnaneysla, ofbeldi og afbrot eru hluti af hinu daglega lífi. Í aðstæðum sem þessum virðast unglingar geta leiðst út í þá tegund vændis sem erlendir fræðimenn hafa kallað nauðarvændi (survival sex) þar sem sala á eigin líkama er ein leið til að verða sér úti um peninga og lífsnauðsynjar svo sem mat, húsaskjól og vímuefni. Samkvæmt rannsókn Greene og féлага (1999) höfðu um 28% heimilislausra unglinga og 10% unglinga sem bjuggu á unglingaheimilum einhvern tíma selt sig. Þá sýna niðurstöður að þetta eigi sérstaklega við á unglingsárunum en með hækkandi aldri minnki líkur á að flótti að heiman hafi áhrif á það hvort einstaklingur leiðist út í vændi (McClanahan, McClelland o.fl., 1999).

2. Rannsóknaraðferð

Erlendir fræðimenn hafa bent á að í löndum þar sem vandi er ólöglegt sé nær ómögulegt að meta umfang þess. Vegna þessa hefur verið talið mikilvægt að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum (Qualitative research methods), svo sem viðtalsaðferð, til að nálgast upplýsingar um vandi. Meiri líkur eru taldar á að réttar upplýsingar náist með þeim hætti (Høigård og Finstad, 1992; Bullough og Bullough, 1998). Sé eigindlegum aðferðum beitt, svo sem opnum viðtölum og/eða þátttökuathugunum, er hægt að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu en mögulegt er með öðrum rannsóknaraðferðum (Bogdan og Biklen, 1998). Slíkar rannsóknaraðferðir hafa þó ákveðna annmarka þar sem ekki unnt að leggja mat á umfang þess sem rannsakað er.

Rannsókn þessi byggir á opnum viðtölum sem er ein af þeim aðferðum sem falla undir eigindlegar rannsóknaraðferðir.

Eigindlegar aðferðir

Megindlegum og eigindlegum aðferðum hefur oft verið stillt upp sem andstæðum og ágreiningur hefur verið sagður standa á milli „útskýringa“ og „skilnings“. Að auki hefur þeim verið stillt upp sem hugmyndafræðilegum andstæðum, þar sem eigindlegar rannsóknir eru sagðar tilheyra fyrirbærafræði en megindlegar póstívisma (Taylor og Bogdan, 1984). Einnig má benda á ólíkar áherslur þeirra á áreiðanleika og réttmæti. Eigindlegar rannsóknaraðferðir leggja meiri áherslu á réttmæti

mælinga, en það vísar til þess að verið sé að mæla það sem á að mæla og að það sé mælt á réttan hátt. Meginlegar rannsóknaraðferðir leggja meiri áherslu á áreiðanleika, en það vísar til nákvæmni, að hið sama mælist aftur og aftur. Þrátt fyrir þetta hafa þessar aðferðir löngum verið notaðar samhliða í félagsvísindum.

Meginmarkmið eigindlegra rannsóknaraðferða er meðal annars að ná fram heildstæðri mynd af lífi og aðstæðum fólks og öðlast þannig skilning á þeirri merkingu sem einstaklingar leggja í líf sitt (Bogdan & Biklen 1998:38). Markmiðum þessum er náð með t.d. notkun opinna viðtala (In-depth interviewing) og með þátttökuathugunum (partisipant observation).

Úrvinnsla gagna í eigindlegum rannsóknum byggir á aðleiðslu (inductive) þar sem rannsakandinn þróar hugtök, innsýn og skilning út frá mynstrum í gögnunum (Taylor og Bogdan, 1984; Strauss A., 1987). Niðurstöður rannsóknarinnar eru því háðar þeim skilningi sem rannsakandinn fær á skynjun og reynslu viðmælenda. Í þessari rannsókn er framangreint sjónarmið haft að leiðarljósi. Meginmarkmið hennar er að nálgast skilning á vændi í íslensku samfélagi, eðli þess og félagslegu umhverfi.

Þátttakendur

Alls voru tekin 32 viðtöl, sumarið og haustið 2000 og var viðmælendum skipt í tvo hópa, annars vegar sérfræðinga og hins vegar einstaklinga sem þekktu til eða höfðu stundað vændi á Íslandi. Sá hópur sérfræðinga sem varð fyrir valinu var

valinn með tilliti til sérfræðipækkingar á vandi eða þeim félagslegu þáttum sem tengdir hafa verið við vandi, svo sem vímuefnanotkunar og kynferðisofbeldis. Þá var einnig lögð áhersla á að taka viðtöl við sérfræðinga frá ólíkum stofnunum þjóðfélagsins til að fá sem breiðasta mynd af viðfangsefninu. Þessi hópur samanstóð af 18 sérfræðingum, þar af fimm heilbrigðisstarfsmönnum, fjórum starfsmönnum lögreglu, einum starfsmanni Vinnumálastofnunar, tveimur starfsmönnum meðferðarstofnana, tveimur starfsmönnum Félagsþjónustunnar, tveimur starfsmönnum Barnaverndarstofu, einum starfsmanni hjá Stígamótum og einum hjá Kvennaathvarfinu.

Síðari hópurinn samanstóð af 14 einstaklingum sem höfðu þekkt til eða stundað vandi á Íslandi. Náð var til viðmælenda með snjóboltaaðferð (snowball method) sem er aðferð þar sem einstaklingur, sem tekið er viðtal við, kemur rannsakendum í samband við annan einstakling sem þekkir til viðfangsefnisins og er tilbúinn til að segja frá reynslu sinni (Bogdan og Biklen, 1998). Með þessum hætti er byggt upp traust milli rannsakenda og þátttakenda sem mjög erfitt er að mynda með öðrum leiðum. Snjóboltaaðferðin er mikið notuð aðferð á þeim rannsóknarsviðum sem ná til svo duldra og vandmeðfarinna rannsóknarviðfangsefna eins og vandi er (Høigård C. og Finstad, L., 1992). Af þessum 14 manna hópi voru tekin viðtöl við sjö einstaklinga sem höfðu verið í vandi og/eða vímuefnaneyslu, þrjá stráka og fjórar stelpur á aldrinum 16 til 30 ára og við þrjá nektardansara, tvær íslenskar

stelpur og einn íslenskan strákur á aldrinum 18 til 27 ára. Þá voru tekin viðtöl við þrjá starfsmenn nektardansstaða og einn „tengilið“ við nektardansstaði í Reykjavík.

Viðtölin sem tekin voru við sérfræðinga og einstaklinga stóðu frá einni klukkustund upp í um sex klukkustundir í senn. Mikil áhersla var lögð á að viðtölin væru tekin í þægilegu umhverfi þar sem engin truflun ætti sér stað fyrir viðmælendur. Flest viðtölin voru annað hvort tekin á vinnustað viðkomandi eða á heimili hans. Í þeim tilvikum sem viðmælendur kusu að veita viðtal utan sinna hefðbundnu aðstæða, voru viðtölin tekin í húsnæði Rannsóknna & greiningar.

Greining gagna

Gögnin voru greind samhliða gagnaöflun. Þannig voru greind ákveðin þemu sem síðan mátti staðfesta eða skoða nánar með fleiri viðtölum. Öll viðtölin voru tekin upp á segulband og síðan afrituð. Þá voru þau lesin og greind vandlega og þannig fengin mynd af reynslu viðmælenda. Rætt var við hluta viðmælenda oftar en einu sinni. Þá var viðmælendum gefinn kostur á að lesa skýrsluna yfir í heild sinni og koma með athugasemdir til þess að tryggja réttmæti upplýsinganna.

3. Vændi á Íslandi

Einstaklingar í vændi á Íslandi

Vændi birtist í mörgum myndum og fyrirfinnst í öllum heimshlutum. Enn tíðkast summs staðar í heiminum sala einstaklinga í vændi (Barry, 1995). Þótt þetta sé ekki algengt í okkar heimshluta má segja að hlutskipti fjölmargra þeirra sem selja líkama sína skilyrði valið. Þannig er vændi oft sú leið sem til dæmis vímuefnaneytendur eiga kost á að fara til að fjármagna neyslu sína og til að lifa af (Graham og Wish, 1994; Miller, 1995).

Nauðarvændi meðal unglinga

Nauðarvændi vísar til þess þegar einstaklingur selur öðrum kynmök sér til lífsviðurværis. Í því felst að skipta á kynmökum fyrir húsaskjól, mat, vímuefni, peninga eða annað (Greene, o.fl., 1999). Í viðtölum við íslenska sérfræðinga og unglinga sem þekkja til eða hafa leiðst út í slíkt vændi kemur fram að á Íslandi sé nokkuð um það að ungt fólk, allt frá 13 ára aldri, fjármagni neyslu vímuefna með því að selja aðgang að líkama sínum. Um er að ræða bæði stelpur og stráka. Flest þessara ungmenna líta, að sögn heimildamanna, ekki á þetta sem hið hefðbundna vændi þar sem oft er um að ræða þögult samkomulag milli tveggja aðila og oft eru ekki beinhardir peningar á borðinu. Þá liggur ekki alltaf ljóst fyrir hvort tilfinningasamband sé til staðar milli einstaklinganna eða ekki.

Sérfræðingur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík sem hefur tekið viðtöl við ungt fólk í þessum aðstæðum segir þetta augljóslega vera mjög viðkvæmt mál, eitthvað sem er mikið „tabú“ í þeirra huga. Unglingarnir hafi margir hverjir átt erfitt uppdráttar í lífinu og lent í ýmsu sem þeir vilji ekki að aðrir viti um. Þannig hafi margir „haft það skítt“ á einn eða annan hátt. Vímuefnaneyslan er, að sögn sérfræðingsins, það sem krakkarnir eiga sameiginlegt og gagnkvæmur skilningur ríkir um það að ekki sé verið að hnýsast í mál annarra. Þegar neysla einstaklings er orðin nær dagleg þarf hann að leita leiða til að fjármagna hana. Með harðari efnum verður kostnaðurinn meiri og fráhvörfin erfiðari og hættulegri. Því getur oft verið mikið í húfi þegar útvega þarf peninga fyrir næstu sprautu eða skoti. Auk innbrota, þjófnaða og sölu eða flutnings á eiturflyfjum er sá möguleiki fyrir hendi að veita kynmök fyrir peninga eða vímuefni. Vímuefnin eru það sem máli skiptir í lífi þessara einstaklinga og þeir eru tilbúnir til þess að ganga langt til að verða sér úti um þau. Sérfræðingur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík segir um þetta:

Þetta unga fólk er oft komið á götuna. Það þurfa ekki endilega að vera erfiðar aðstæður í æsku. Stundum dynja áföll yfir þessa krakka á unglingsárum, þá raknar allt upp og þeir fara að leita eitthvert annað. Stundum brjóta þeir allar brýr að baki sér og er þá hent út, fara á flakk og dvelja í dópþælum. Kunningjaskapur í þessu er bara að skipta á hlutum, allt gengur út á að redda sér dópi. Það breytir engu hvar þú sefur, heldur að þú fái dópið. Fíknin gengur út á það. Svo eru þessir krakkar með GSM síma og redda hinu og þessu. Láta skutla sér og ná í hitt og þetta og fá að sofa

einhvers staðar. Þetta eru krakkar sem eru svo langt leiddir að það er ekkert sem skiptir máli lengur. Þeir sofna bara einhvers staðar, kannski hjá einhverjum sem þeir kynntust í gær.

Þessi skipti á kynmökum og vímuefnum, húsaskjól, peningum eða öðrum hlutum eiga sér stað innan hópsins og utan. Í viðtölum við unglínga, sem þekkja til þessa heims, kemur fram að nokkur munur sé á viðskiptavinum eftir því hvort þeir tilheyri hópnunum eða standi utan hans. Innan hópsins virðist oft um að ræða að einstaklingur stofni til sambands við annan grundvölluðu á þeirri forsendu að sá síðarnefndi geti séð viðkomandi fyrir vímuefnum. Samskiptin byrja oft þannig að stúlkur eignast „kærasta“ sem eiga greiðan aðgang að dópi, án þess að nokkrar tilfinningar séu í spilinu. Einnig getur verið um greiða gegn greiða að ræða. Um þetta segir 19 ára viðmælandi sem nýlega hætti neyslu vímuefna.

Ég hef að vísu verið með stráka sem seldi dóp. Ég bjó hjá honum í þrjú mánuði. Það var engin ást, ég fattaði það á endanum, þetta var bara neyslan. Ég veit um stelpur sem eru með strákum bara af því að þeir eru að selja. Þær sofa hjá þeim bara út af því að þeir eru með vímuefni og þeir halda þeim góðum með því að gefa þeim dóp.

Utan hópsins virðist frekar vera um beina sölu á kynmökum að ræða. Í slíkum tilvikum eru kaupendur eldri og betur staðir einstaklingar, á aldrinum 20-50 ára, sem útvega yngra fólki peninga, vímuefni, húsaskjól og mat eða jafnvel bílfar í skiptum fyrir aðgang að líkama þeirra. Þetta á við um stúlkur jafnt sem stráka. Sérfræðingur á Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans segir að oft verði stúlkurnar háðar þessum

mönnum vegna þess sem þeir hafi að bjóða, það er vímuefnin. Með því að bjóða þeim vímuefni nái þeir tangarhaldi á þeim. Þannig séu þær á einhvern hátt veikar fyrir og leiti leiða til að ná sér í vímuefni.

Lögreglan hefur svipaða sögu að segja. Einn viðmælandi okkar þar segir að í flestum tilvikum sem upp komi um vandi meðal unglínga sé um að ræða einstaklinga sem eigi þegar við annan vanda að stríða svo sem neyslu vímuefna

Það er til vandi sem tengist unglíngum. Mjög ungu fólki, í flestum tilfellum með vandamál. Oftar en ekki í vímuefnum, svo sem pillum, dópi og áfengi. Þetta er kannski það sem er nóturlegast við þetta allt. Það er til ungt fólk sem selur sig öðrum sem er ekki í eiturlyfjum og svo ungt fólk sem selur sig fólki í eiturlyfjum, það er vandi innan hópsins. Það er ógeðfelldasti þátturinn í þessu öllu saman. Ömurleikinn er svo mikill. Þetta fólk hefur ekkert val um viðskiptavinum, það tekur bara þeim sem kemur, alveg sama þó það sé sextugur, ógeðslegur og skítugur karl. Þarna er ég að vekja athygli á viðbjóðnum og smithættunni sem er í kringum þetta.

Sumir þessara einstaklinga sem hafa leiðst út í nauðarvændi eiga sér ekki fastan samastað og fá því jafnvel að dvelja um tíma hjá vini eða kunningja í staðinn fyrir kynferðislegan greiða. Þessir vinir og kunningjar eru yfirleitt í vímuefnaneyslu eða eru að selja vímuefni og sjá því þeim sem dvelja hjá þeim stundum fyrir vímuefnum. Sérfræðingur hjá meðferðarstofnun segir að einnig eigi sér stað að eldri karlmenn bjóði stelpum og/eða strákum að dvelja hjá sér til skemmri eða lengri tíma í skiptum fyrir kynlíf. Þá sé það einnig til í dæminu að eldri

konur taki unga stráka í vímuefnaneyslu upp á sína arma gegn svipuðum skiptum. Sérfræðingur á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans segir vandi í fæstum tilvikum ástæðu þess að unglingar leiti sér aðstoðar. Andleg vanlíðan og sjálfsvígshugleiðingar séu ástæðan en seinna komi í ljós að þeir hafi stundað vandi.

Það er alltaf ein og ein stelpa sem kemur til okkar á Barna- og unglingageðdeild sem á sér þá sögu að fjármagna neyslu sína með því að selja sig. Nú er ég með þrjár stelpur í huga sem komu inn á deildina vegna þunglyndis og sjálfsvígshugsana og síðan kemur þetta í ljós. Það sem ég hef orðið vör við er að þeim virðist ekki finnast neitt athugavert við þetta, að þetta sé bara allt í lagi. Sérstaklega er mér minnisstæð ein stelpa, hún sagði mér að hún fengi lítið dóp ef að hún væri léleg í rúminu og hún setti það bara á sig að hún gæti ekki einu sinni boðið líkama sinn af því að hann væri orðinn svo lélegur. Hún sætti sig við þetta, að lífið væri bara svona.

Sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu segir að ungu fólki í vímuefnaneyslu þyki „töff“ að þekkja tiltekna menn í Reykjavík. Þó það sé kaldhæðið þá virðist sem kunningsskapur við þessa menn leiði til aukinna vinsælda og virðingar í jafnaldrahópnum. Sú virðing virðist magnast við það að unglingarnir sofi hjá viðkomandi mönnum. Hann segir skýringuna fólga í því að í gegnum þessa menn geti unglingarnir haft greiðan aðgang að vímuefnum. Hann þekki fleiri en eitt dæmi þess að tvær stelpur hafi verið með einum karlmanni. Í slíkum tilvikum deili þær fjármunum eða vímuefnum sem þær hljóti fyrir „greiðann“. Þessar stelpur, 14

til 15 ára gamlar, kallar viðmælandi okkar „undirheimadrottningar“. Annar sérfræðingur sem rætt var við og starfar á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans lýsir mynstri slíks nauðarvæðdis þar sem fullorðnir karlmenn hafa eina eða fleiri stúlkur á sínum snærum.

Ég hitti ungar stelpur sem eru í vandræðum og hafa tengst einhverjum fullorðnum karlmönnum úti á götu. Þeir ná einhvern veginn að kynnast þeim, þvælast í kringum unglingsana og bjóða þeim upp á ýmislegt. Þetta fréttist og síðan fara þær sjálfar að hafa samband við þá. Þeir kaupa áfengi eða eitthvað þess háttar og þær borga með kynlífi í staðinn. Þær selja sig fyrir vímuefni, pening eða einhvern annan greiða svo sem að láta keyra sig. Þessir eldri menn eru að misnota sér aðstæður og veikleika þessara barna. Þetta eru stelpur sem eru 14, 15 og 16 ára gamlar. Fjórtán til sextán ára barn er ekki komið með fullan þroska til að meta svona aðstæður, ég tala nú ekki um barn sem hefur búið við lélegar aðstæður fyrir. Það er auðvelt að misnota það.

Sérfræðingurinn segir vændið mjög falið í þessum unglingshópum. Þannig getur sami maðurinn til að mynda verið með fleiri en eina stúlkur á sínu framfæri án þess að nokkur viti um það. Þessu er haldið leyndu því allir halda að þeir séu einhvern veginn að græða á þessu.

Viðmælendur eru almennt sammála um það að þó að nauðarvæðdi megi finna bæði meðal stelpna og stráka séu fleiri stelpur sem fari þessa leið til að fjármagna neyslu sína. Hins vegar leiðist strákarnir frekar út í afbrot í þeim aðstæðum. Þá sé einnig algengara að þeir fjármagni neyslu sína með sölu og dreifingu vímuefna. Sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu segist

vita um stráka sem séu „dílerar“ (vímuefnasalar). Þeir nái í stelpur í grunnskólunum, verði kærastar þeirra í einhvern ákveðinn tíma og útvega þeim vímuefni. Í framhaldi selji þeir þær svo öðrum. Þá segist viðmælandi okkar hjá lögreglunni vita þess dæmi að menn sem selji vímuefni eða stundi annað ólöglegt athæfi næli sér í ungar stelpur. „Þeir geta hnoðað þær eins og leir og fengið þær til að gera hvað sem er. Þær geta orðið einskonar kynlífsþrælar þeirra sem þær eru hjá. Það fylgir bara”, segir hann.

Sérfræðingar á meðferðarstofnunum í Reykjavík hafa vitað um stráka í vandi og nauðarvandi. Slíkt tengist yfirleitt eiturlyfjum eins og hjá stelpunum en þeir selja sig bæði konum og körlum. Sumir hafa verið misnotaðir af eldri konum en upplifa það ekki endilega sem misnotkun. Þegar unglingsstrákur selur sig eldri konu fyrir peninga, vímuefni eða annað þá getur hann fengið hrós eða upphefð frá jafnöldrum sínum fyrir. Þó virðist nauðarvandi meðal stráka ekki síður vera viðkvæmt mál fyrir hvern og einn en meðal stelpna. Þetta virðist sérstaklega eiga við ef þeir selja sig karlmanni. Í slíkum tilvikum upplifa þeir oft mikla skömm. Að sögn sérfræðinga er mun erfiðara að ræða vandi í meðferðarhópum meðal karla en meðal kvenna þótt vakið sé máls á því í hópum beggja kynja. Þá eru konurnar sagðar eiga auðveldara með að leita sér hjálpar. Sérfræðingur hjá meðferðarstofnun lýsir framangreindu á eftirfarandi hátt:

Ég hef verið með karlmenn í viðtölum sem hafa lent í þessu. Karlmenn sem hafa virkilega grátið yfir þessu. Hvernig þeir hafa selt sig til eldri konu. Ungir strákar kannski á aldrinum 16 upp í 22 ára.

Það er líka til að ungir strákar séu með eldri karlmönnum til að fá dóp. Bæði þannig að þeir eru í tengslum við einhvern ákveðinn mann eða að þeir selji sig nær hverjum sem er. Þannig getur verið þekkt í neysluhópi að þennan strák sé hægt að kaupa fyrir slíkk eða fyrir efni.

Áhrif þess að leiðast út í að selja líkama sinn eru sögð þungbær fyrir hvern og einn þessara unglunga. Sérfræðingar segja sjálfsmynd þessara unglunga oft vera brotna fyrir. Sú reynsla að hafa selt sig í skiptum fyrir vímuefni geti því reynst mörgum ofraun. Ungur piltur sem rætt var við stundaði vandi í tengslum við vímuefnaneyslu frá 15 til 18 ára aldurs. Hann lýsir reynslu sinni á eftirfarandi hátt:

Æska mín var ofsalega erfið. Ég var beittur kynferðislegu ofbeldi af fósturföður mínum. Ég byrjaði í neyslu 13 ára gamall, 15 ára var ég fluttur að heiman. Ég gat bara ekki verið heima út af erfiðum heimilisaðstæðum. Á þeim tíma var ég byrjaður að nota hass, E-pilluna, kók, sveppi og allt þetta. Ég lenti í því að þurfa að selja mig fyrir dóp 15 ára. Það var mér mjög erfið reynsla. Ég bjó hjá strák sem átti mikinn pening en var ekki í neyslu eins og ég. Ég byrjaði með honum út af því að hann átti fullt af peningum. Á þessum tíma lenti ég í mörgu slæmu. Ég hætti að selja mig eftir að hafa verið nauðgað þrisvar sinnum af einhverjum strákum. Ég man lítið eftir þessu atviki en man bara að daginn eftir gat ég ekki gengið. Þetta var fyrir tveimur árum. Eftir að ég hætti fór ég að brjótast inn í staðinn. Ég stal til að fá pening fyrir dópi. Svo hætti ég að nota þessi sterkari efni og fór í læknaðóp. Ég hætti að hugsa um skrokkinn á mér og byrjaði þá að borða mjög mikið. Á stuttum tíma fitnaði ég mikið. Ég gerði þetta til að engan langaði að horfa á mig og til að enginn hefði geð á að vera með mér kynferðislega.

Vændi meðal fullorðinna

Sérfræðingur á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi segir að þegar komið sé fram yfir unglingsárin breytist mynd vændisins. Þannig séu konur á aldrinum 20 ára og eldri sem hún hittir frekar í hinu „hefðbundna vændi“ þar sem kaupendahópurinn sé nokkuð afmarkaður og heimsóknirnar orðnar reglulegri. Sérfræðingur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík tekur undir þetta og segir að á yngri árum byrji þetta frekar sem „kærastar“, en þegar um fullorðna einstaklinga sé að ræða, það er um 18 ára og eldri, hafi þeir afmarkaðri kaupendahóp sem flestir séu eldri karlmenn.

Í erlendum athugunum á vændi er gjarnan greint á milli þess vændis sem fer fram innan dyra og þess sem fer fram á götum úti. Oft er talað um það vændi sem fer fram innan dyra sem „fínna“ vændi en það sem fer fram utan dyra. Það má rekja til þess að götuvændi er oftartengt bágum aðstæðum og meiri vímuefnaneyslu bæði meðal þeirra sem selja sig og þeirra sem kaupa. Þá sé ofbeldi og misnotkun tíðari á götunni (Høigård og Finstad, 1986). Þrátt fyrir þetta ólíka umhverfi vændis hafa rannsóknir sýnt að ekki sé munur milli þessara tveggja hópa þegar skoðaður er félagslegur bakgrunnur, menntun, fyrri atvinna eða hversu lengi einstaklingar hafi selt sig. Þetta skýrist að hluta til með því að algengt er að það vændi sem einstaklingar stunda einskorðist ekki við annað hvort innan eða utan dyra heldur breytist yfir tíma (Høigård og Finstad, 1986).

Í viðtölum við sérfræðinga kemur fram að vændi fyrirfinnst meðal fullorðinna einstaklinga á Íslandi. Þetta á sér stað bæði innan dyra og utan. Í hlut eiga bæði konur og karlar þó heimildarmenn segi meirihluta tilvika eiga við um konur. Samkvæmt sérfræðingum er þessi hópur nokkuð misleitur þar sem þetta á við um allt frá ungu fólk í námi eða vinnu yfir í einstaklinga sem tilheyra rónaliði bæjarins.

Vændi í heimahúsum

Sérfræðingur hjá lögreglunni segist þekkja til kvenna sem stundi vændi í heimahúsi og hafi fámennan og afmarkaðan hóp kaupenda.

Í gegnum starf mitt í þessu hverfi hef ég kynnst tveimur konum sem eru ekki í neinni óhófs neyslu. Þær segjast sjálfar gera þetta til að láta, eins og ein orðaði það „sjá um sig”. Hún segist velja sér menn, þeir heimsæki hana á vissum tímum og sjái henni fyrir lífsnauðsynjum.

Sérfræðingur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík segist þekkja til nokkurra kvenna sem selji sig í heimahúsum. Þau mál sem séu „opinber” innan Félagsþjónustunnar í Reykjavík séu dæmi um konur frá aldrinum 18 ára og upp í sextugt. Hann þekki í dag fimm dæmi um slíkt í þjónustuverfi sínu. Þetta séu mikil launungarmál sem einstaklingarnir sjálfir vilji sjaldnast kannast við né tala um. Þannig sé þetta mjög falið. Þó sé ákveðið mynstur í lífi sumra þessara einstaklinga sem gefi mjög glöggar vísbendingar um hvað sé á seyði. Þau viti til dæmis af fólki sem er ekki í fastri vinnu, þiggi ekki fjárhagsaðstoð frá

Félagsþjónustunni og er ekki á örorku en náí að afla sér tekna með öðru móti. Þau fáí tilkynningar um eril og miklar komur leigubíla að íbúðum sumra þessara aðila. Í þessum tilvikum eigi oft einstæðar mæður í hlut. Þær komi stundum til Félagsþjónustunnar á tímabilum þegar minna sé að hafa.

Þetta er rosalega mikið privatmál. Ég held að þessar konur hafi þetta nánast fyrir sjálfar sig. Það er fólk að koma og fara nánast allan sólarhringinn. Leigubílar bæði að sækja og skutla. Þessar konur eru ekki endilega í eiturlyfjum. Þó fáum við oft tilkynningar um vanrækslu á börnum í þessum tilfellum. Þær eru bæði að hafa af þessu lífsviðurværi og að afla sér aukatekna til hliðar með tryggingabótum eða fjárhagsaðstoð. En þetta er mjög falið.

Annar viðmælandi hjá Félagsþjónustunni sagði þennan hóp kvenna eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Þegar kæmi að því að skuldirnar væru orðnar of miklar og hætta væri á að þær gætu ekki lengur séð fyrir sér og börnunum gripu þær til þess örþrifaráðs að reyna að afla meiri tekna á skömmum tíma. Það gerðu þær stundum með því að selja sig. Sérfræðingur á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi kannast einnig við þetta. Hann segir að inn á ákveðnar deildir sjúkrahússins komi ein og ein kona á ári sem hafi verið í slíku vændi. Um sé að ræða konur frá tvítugs aldri og upp í rúmlega fertugt sem stundi þetta heima hjá sér. Þær séu einar í þessu, það er hafi engan umboðsmann eða neitt slíkt. Margar þeirra séu áfengissjúklingar en ekki endilega í annarri vímuefnaneyslu. Þá séu þetta konur sem búi flestar við erfiðar aðstæður og hafi leiðst út í vændi þegar sjálfsálitið hafi verið komið í botn.

Þetta eru konur sem eru heima hjá sér í þessu. Þær sjá ekki fram úr því að framfleyta sér og börnunum og leiðast út í þetta. Þær sem ég er með í huga koma aldrei til með að tala um þetta. Hvorki fyrr né síðar. Ég held að það yrði svo sárt fyrir þær að þær gætu það ekki. Eldri konurnar eiga ekkert eftir. Þær eru með svo mikið á bakinu.

Viðmælendur eru á sama máli um það að margir þeirra einstaklinga sem selja sig í heimahúsum geri það til að framfleyta sér. Sérfræðingur hjá meðferðarstofnunum segir að þó svo það virðist kalt mat hjá einstaklingi að fara út í vændi sé það sjaldan ákvörðun heldur sé um röð atburða að ræða þar sem eitt leiði af öðru. Þó muni hann eftir dæmum um stelpur sem hafi tekið þá ákvörðun að stunda vændi sér til framfærslu jafnvel þó aðrir möguleikar hafi verið fyrir hendi.

Ég man eftir stelpu sem ég var með í viðtölum. Hún kom frá mjög ströngum foreldrum og braut allt að baki sér þegar hún var 17 ára. Umgekkst lið sem var í rugli þótt hún væri það ekki sjálf. Hún fór í Háskólann og fannst námslánin of mikill baggi að bera. Hún valdi vændi sem leið. Þegar hún vildi hætta reyndist það henni mjög erfitt vegna þess að mennirnir héldu áfram að sækja í hana. Það endaði með því að hún flutti héðan til útlanda. Síðast þegar ég vissi var hún í góðri stöðu en ég er ekki viss um að sálartetrið í henni sé í lagi.

Vændi á götum úti

Þeir einstaklingar sem stunda vændi á götum úti hafa margir hverjir átt erfitt uppdráttar í lífinu og hafa oft á ákveðnum tímamunktum ekki í nein hús að venda. Vímuefnaneysla og bág lífsskilyrði einkenna þennan hóp (Høigård og Finstad, 1986).

Eins og kom fram í kafla um nauðarvæandi meðal unglunga eru þeir einnig hluti þess hóps sem selur sig á götum úti. Ungur strákur sem stundaði væandi í tengslum við vímuefnaneyslu frá 15 til 18 ára aldri segist hafa skipt á kynmökum fyrir peninga og vímuefni við bæði konur og karla. Þetta hafi farið fram nánast hvar sem er í þeim aðstæðum sem hentuðu hverju sinni. Hann hafi átt í hús að venda en látið þetta fara fram annars staðar til að halda þessu leyndu eins og honum frekast var unnt. Því leitaði hann eftir kaupendum á ýmsum stöðum.

Ég bjó hjá strák sem var ekki í neyslu eins og ég. Hann vissi um neysluna en hann vissi ekki að þegar ég fór út á kvöldin var ég að selja mig fyrir dóp, bæði konum og körlum. Þetta fór fram heima hjá þeim, á gistiheimilum, í bílum eða bara einhvers staðar.

Til Stígamóta leita einstaklingar sem orðið hafa fyrir kynferðislegri misnotkun í bernsku. Hluti þessara einstaklinga hafa síðar leiðst út í væandi. Í slíkum tilvikum er að sögn viðmælenda hjá Stígamótum um að ræða fólk sem er í mikilli neyslu vímuefna, býr við erfiðar aðstæður og nánast á götunni. Hann bendir á að stundum séu þeir sem kaupa væandi í jafn slæmum aðstæðum og þeir sem selja sig en það sé ekki alltaf svo.

Það fólk sem ég hef talað við, sem hefur verið í væandi, hefur allt verið í mjög bágum aðstæðum, langt leitt í dópi og á götunni eða næsta bæ við götuna. Samt hefur þetta fólk talað um fína kúnna og notað orð eins og: „Ef maður fékk góðan kúnna” og „almennilegt dóp”. Þannig að í sumum tilfellum voru kúnarnir í betri aðstæðum. Þau hafa nefnilega sagt að kunningjarnir innan

dópheimsins séu aumingjar eins og þau. Einn orðaði það þannig; „Það eru aumingjar eins og við sem síst af öllu hafa peninga til að kaupa sér kynmök”. Þannig hafa kúnnarnir oft komið úr öðrum hópum en auðvitað getur greiði gegn greiða átt sér stað innan hópsins líka.

Ólíkt því sem gerist í mörgum löndum er götuvændi ekki sýnilegt hér á Íslandi frekar en aðrar gerðir vændis. Mikil leynd hvílir yfir þessu og fáir vilja vita af því. Sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu segist þekkja til fólks sem hafi verið í þessum aðstæðum til lengri tíma. Þetta séu konur og karlar sem séu djúpt sokkin í neyslu á áfengi og lyfjum og tilheyri oft rónaliði bæjarins. Þau séu meira og minna heimilislaus og tíðir gestir geðdeilda og áfengismeðferðardeilda. Þetta fólk líti eflaust ekki á sig sem vændiskonur eða -karla þó svo stundum fái þau áfengi eða eiturlyf í skiptum fyrir kynmök. Oft og tíðum sé óvíst hvort eitthvað fáist út úr þessum skiptum, í sumum tilvikum sé hreinlega um kynferðislega misnotkun að ræða. Þannig lendi þetta fólk í hræðilegum hlutum og oft sé farið illa með það.

Allir ganga í konurnar, þær fá kannski brennivín eða nokkrar töflur eða eitthvað fyrir. Stundum en ekki alltaf. Þær eru notaðar. Þær myndu örugglega ekki skilgreina sig sem vændiskonur. Þetta eru meira og minna heimilislausar konur, sem fá að liggja einhvers staðar þessa nóttina. Þetta er afskaplega ólíkt hótelvændiskonum. Þetta er hópur sem er svo varnarlaus. Og þetta eru ekki bara konur, þetta á líka við um karlmenn.

Samkvæmt ofangreindu hafa sumir einstaklingar í vændi ekki nokkurt val um viðskiptavini. Aðstæðurnar ráða því mestu um

Það hver sé tilbúinn til að greiða fyrir kynmök af þessu tagi. Það er þó ekki algilt þar sem skipulagðari leiðir eru oft farnar. Viðmælendur segja til að mynda að auglýsingar á símalínunum, í blöðum og á Internetinu séu notaðar til að leita eftir viðskiptavinum.

Auglýsingar á símalínunum, í dagblöðum og á Internetinu

Sérfræðingur hjá lögreglunni segir að á einkalínunum bjóði einstaklingar á aldrinum 18 ára upp í sextugt vændi. Þetta séu bæði karlar og konur að auglýsa eftir báðum kynjum. Hann segir sumar af konunum hugsanlega vera með „eigin starfsemi í heimahúsi“. Slík starfsemi falli vel að því sem sé í boði á einkalínunum. Þó sé einnig um að ræða einstaklinga sem stundi vændi á hinum og þessum stöðum bæjarins. Hann segir þessar auglýsingar hafa orðið grófari á undanförunum árum. Það eina sem ekki sé sagt sé orðið „vændi“. Það er bara sagt með orðalagi sem skilst, til dæmis: „Er til í allt, aldur skiptir mig ekki máli, leita að fjársterkum mönnum, í boði er erótískt nudd“. Í þessum auglýsingum sé í töluvert miklum mæli framboð á viðskiptum með kynlíf. Sjálfur hafi hann hringt í þessar símalínur og heyrt að sumar konurnar auglýsa á mörgum línunum í einu. Eina þeirra hafi hann kannast við og vissi að hún var klárlega í vændi. Þá þekki hann til einstaklinga sem hafi farið þessa leið til að ná til viðskiptavina:

Ég þekki til stelpu sem var og er enn í vændi og eiturlyfjum. Hún var með viðskiptabók, svona minnisbók eins og allir fíklar eru með. Það voru nöfn á einhverjum 5-6 mönnum og skipulagðir dagar fyrir hvern og einn. Hún sagði mér að hún

væri með viðskiptavini sem hún hefði fengið í gegnum símalínurnar sem eru vændislínur. Hún kom sér á framfæri þar. Hún þáði þokkalega háar greiðslur og fór yfirleitt alltaf heim til þeirra eða á hótél. Hún var ein í þessu.

Í samræmi við þetta lýsir ung kona sem var í vímuefnaneyslu og vændi því hvernig hún auglýsti fyrst eftir viðskiptavini í dagblaði. Hún hafði auglýst ásamt kunningjakonu sinni sem sagði það lítið mál væri orðalagið samkvæmt bókinni. Lykilsetningin væri: „Vil kynnast fjárhagslega sjálfstæðum manni“. Samkvæmt hennar reynslu skilaði þessi leið miklum árangri þar sem allir vissu hvað verið væri að auglýsa.

Við fengum alveg ótrúlega mörg bréf. Ég hélt að þessir einkamáladálfar væru bara fyrir stefnumót, fara saman í bíó og svoleiðis, en þetta var bara vændi. Ég var mjög hissa á því. Í kjölfarið hitti ég einn mann sem var lögfræðingur. Ég hitti hann síðan aldrei aftur. Ég gat þetta bara ekki. Ég var skjálfandi á beinunum. Kunningjakona mín sem var búin að gera sig „kalda“ fyrir þessu sagðist oft hafa gert þetta áður og spurði hvað væri eiginlega að mér, hvernig ég ætlaði að lifa þetta af.

Þá sagði piltur sem rætt var við sem stundaði vændi í tengslum við vímuefnaneyslu frá 15 til 18 ára aldurs að auk þess að selja sig tilviljanakennt hefði hann farið skipulagðari leiðir. Meðal annars með því að auglýsa á Internetinu, á símalínunum og með því að komast í samband við fólk á spjallrásunum.

Ég lagði inn auglýsingu á stefnumótalínu sem virkaði bara vel. Þetta var mjög mikið sama fólkíð sem hafði samband við mig. Ég gerði þetta til að fjármagna neysluna. Það er blandaður hópur sem sækir inn á þessar línur, bæði fólk sem er að selja sig og fólk sem er bara að fara á stefnumót. Ég fór

líka á Internetið á einkaspjöll. Það var mikið um það að skrítið og klickað fólk væri að svara þessu. Það var á öllum aldri, bæði karlar og konur. Þetta er stórhættulegt því maður veit aldrei á hverjum maður lendir. Ég held að þjóðfélagið í dag vilji hreinlega ekki vita af þessu.

Þá segir sérfræðingur hjá lögreglunni að svokallað lúxusvæandi fyrirfinnist á Íslandi. Það sé meðal annars að finna í gegnum hótél og gistihús, þetta sé einskonar fylgdarþjónusta sem hægt sé að panta.

Ég treysti mér ekki til að segja hvers konar fólk veitir þessa vændisþjónustu en ég er viss um að það sé í flestum tilfellum ungar konur. Þær geta þess vegna tengst gistihúsum, íbúðahótélum og hugsanlega einhverjum öðrum stöðum. Þetta má kalla toppinn, þar sem geðslegt fólk er að bjóða sig fram og að þiggja þjónustuna. Verðið er hátt, hreinlæti viðhaft og sýkingarhætta í lágmarki.

Auk þess að auglýsa á símalínunum, í blöðum, á Internetinu og hótélum virðast konur í leit að viðskiptavinum finna sér leið gegnum starfsemi nektardansstaða. Sérfræðingur hjá lögreglunni segir þetta vera nýja leið sem hafi komið með tilkomu staðanna. Þannig hafi hann heyrt til þess að konur auglýsi væandi með því að dreifa nafnspjöldum sínum fyrir utan nektardansstaðina.

Maður sem starfar á nektardansstað sagði mér að íslensk kona hefði rétt honum nafnspjöld og spurt hann hvort viðskiptavinir staðarins væru ekki heitir þegar þeir kæmu út. Ef svo væri þá ættu þeir að hafa samband við hana. Þessar konur eru farnar að tengjast nektardansstöðunum á þennan hátt og dyraverðirnir eru oftast en ekki spurðir og beðnir um þessa þjónustu.

Skipulagt vændi á Íslandi

Með skipulögðu vændi er átt við sölu á kynmökum sem skipulögð eru af þriðja aðila. Þessir aðilar geta selt vændi á götum úti, í gegnum auglýsingar í dagblöðum og á Internetinu, á símalínum, gegnum hótelpjónustu, nektardansstaði og fylgdarþjónustu (Høigård og Finstad, 1986). Þetta eru milligönguaðilar milli þeirra sem kaupa vændi og þeirra einstaklinga sem selja sig. Þessa aðila má kalla vændissala, en í hefðbundnum skrifum um vændi hafa þeir verið kallaðir hórmanngarar eða „pimpar“ í daglegu tali. Í meirihluta tilvika er um karlmenn að ræða þó svo einnig sé það til að konur séu vændissalar. Þessir aðilar geta haft bein yferráð yfir þeim einstaklingum sem þeir selja, þannig er sambandið ekki byggt á jafnræðisgrundvelli heldur á kúgun og ofbeldi (Parker, 2000; Høigård og Finstad, 1986). Í slíkum aðstæðum hefur einstaklingurinn sjaldnast val um hver það er sem kaupir heldur neyðist til að taka þeim sem vændissalinn útvegar hverju sinni. Þar komi meðal annars til vald vændissalans yfir einstaklingnum, mikil vímuefnaneysla og slæm lífsskilyrði þar sem lítil von sé um betra líf.

Í rannsókn þeirra Cecilie Høigård og Liv Finstad (1986) á vændi í Noregi athuguðu þær meðal annars skráð mál um vændissala hjá lögreglunni í Ósló á árunum 1968 til 1982. Niðurstöður gáfu til kynna að þar mætti skipta þeim í nokkra hópa eftir tengslum þeirra við þann sem þeir seldu. Í fyrsta lagi eru aðilar sem eru í föstu sambandi við þann sem þeir selja, í

sambúð, trúlofuð eða gift. Í þessum hópi er helst um tilfinningatengsl milli einstaklinga að ræða. Þrátt fyrir þessi tengsl geta þeir beitt ofbeldi og hótunum þó það sé ekki algilt. Þessi hópur hefur verið nefndur **kærastavændissalar**. Samkvæmt skráðum málum hjá lögreglunni í Ósló telst um helmingur vændissala þar til þessa hóps. Í öðru lagi eru vændissalar sem eru í slitróttu **kynferðislegu sambandi** við þann sem þeir selja. Það er þá yfirleitt yngra fólk á svipuðum aldri sem jafnframt er í vímuefnaneyslu. Í þriðja lagi eru aðilar sem hafa fleiri en einn einstakling á sínum snærum og selja fleiri en einn einstakling á hverjum tímapunkti. Þetta á sér stað í íbúðum eða **vændishúsum**. Stundum getur verið um að ræða kynferðislegt samband við einn eða fleiri af þeim sem þeir selja. Þeir eru oft taldir staðalmynd vændissalans þrátt fyrir að þetta sé ekki algengasta formið. Í fjórða lagi eru **vændissalar innan nektardansstaða**. Þeir selja einnig fleiri en einn einstakling í einu en fátítt er að um tilfinningalegt eða kynferðislegt samband sé að ræða í slíkum tilvikum. Samkvæmt skráðum málum í Ósló á þetta við um það bil einn af hverjum tíu vændissölum.

Í viðtölum við sérfræðinga og einstaklinga sem þekkja til eða hafa tekið þátt í vændi á Íslandi fengust upplýsingar um að vændi skipulagt af þriðja aðila eigi sér stað á Íslandi. Sú skipting vændissala í Noregi sem skýrt var frá hér að ofan virðast ekki síður eiga við hér á landi.

Kynlífs- og kærastavæðdissalar

Kynlífs- og kærastavæðdissalar eru í kynferðislegu eða föstu sambandi við þann sem þeir selja. Meðal kynlífsvæðdissala er sambandið mun slitróttara og yfirleitt er ekki um tilfinningasamband að ræða. Þá er mjög algengt að vímuefni spili þar inn í. Mörkin milli þessara tveggja hópa eru þó ekki skýr þar sem oft getur reynst erfitt að meta hve mikil alvara eða tilfinningatengsl eru til staðar.

Samkvæmt heimildamönnum kynnast kærasta- og kynlífsvæðdissalar hér á Íslandi ungum stúlkum meðal annars í gegnum meðferðarstofnanir og meðferðaraðila. Þeir viti hugsanlega að þær hafi til lítils að hverfa þegar úr meðferðinni er komið og að þær séu almennt veikar fyrir með tilliti til vímuefnaneyslu. Fleiri en eitt dæmi voru nefnd þar sem stúlka hafi byrjað að búa með manningum og hann útvegað henni vímuefni sem hún varð fljótlega mjög háð. Á stuttum tíma var hún komin á hans vald, föst í viðjum vímunnar. Sérfræðingur meðferðarheimila segist vita nokkur dæmi þess að aðilar tengist ungum vímuefnaneytendum og selji þá öðrum mönnum. Í einu þessara mála var um ungan stráak að ræða sem hafði oftast en einu sinni farið sjálfur í meðferð, kynnst þar ungum stúlkum sem einnig voru í meðferð og selt þær í framhaldi eftir að meðferð lauk.

Ég veit um stráak sem er rúmlega tvítugur og er búinn að vera skjólstaðingur kerfisins frá því hann var smákrakki, hann kemur frá mjög brotnu heimili. Hann hefur verið að selja svona sex til átta stelpur. Það þekkja hann mjög margir. Hann kynnist

stelpunum í meðferðum og gerir þær út. Hann hefur droppað út úr meðferðum með einhverjar tvær með sér.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segist vita til þess að menn haldi konum í greip sinni og selji öðrum aðgang að þeim kynferðislega. Oft séu eiturlyf í spílinu þegar um vald einstaklings yfir öðrum sé að ræða.

Ég man eftir stúlku sem var í mjög hörðu vændi. Þegar ég sótti hana til að fara í meðferð, sótti ég hana til tveggja karlanna. Þetta er mjög lýsandi dæmi. Hún var búin að fara í allt stafrófið í meðferðum en var samt bara rétt um tvítugt. Þessi stúlka seldi sig hverjum sem var. En hún hélt helst til hjá tveimur eldri mönnum. Annar þeirra fóðraði hana á eiturlyfjum en hinn meira á peningum. Svo var hún seld út frá þeim. Hún sagði að sér væri orðið sama hverjir viðskiptavinirnir væru, hún væri hætt að gera greinarmun á þessum körlum. Hún var orðin viljalaust rekald. Viðskiptavinir hennar voru nánast eingöngu fíklar, ungir fíklar og gjaldmiðillinn var miklu oftast eiturlyf en peningar. Einstaka sinnum skartgripir sem voru þá líklega þýfi.

Ungur maður sem seldi og neytti vímuefna til margra ára segist hafa orðið vitni að því að „stórir gæjar” í vímuefnaheiminum taki stelpur upp á sína arma og selji aðgang að þeim kynferðislega. Sérfræðingar hjá lögreglunni taka undir þetta. Það eigi sér stað að „harðir karlar” nái sér ítrekað í stelpur á meðferðarstofnunum. Þær séu meðfærilegar og þeir láti þær vinna fyrir sig, annað hvort með sölu á eigin líkama eða með sölu eiturlyfja. Þetta sé „hliðaratvinnugrein” karlanna. Ung kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi hefur mjög svipaða sögu að segja. Hér greini hún frá því hvernig það

atvikaðist að hún lenti í klóm manns sem hún lýsir sem „grimmasta manni í heimi”. Hann gerði hana háða eiturlyfjum sem hann einn gat útvegað henni. Hún varð hins vegar að borga fyrir með kynmökum við hann og nánast hvern þann sem honum þóknaðist. Hún segir að hún hafi ekki verið fyrsta stelpan sem hann „átti”. Þetta sé það sem hann geri, komist yfir stelpur sem eru mjög langt leiddir dópistar. Hann veiti öðrum aðgang að þeim kynferðislega og fái í staðinn vímuefni eða borgun upp í skuld.

Svo í einni meðferðinni kynntist ég manni sem var ofsalega góður við mig. Enginn hafði verið eins góður við mig og komið eins nálægt mér og hann. Þess vegna hleypti ég honum nálægt mér. Hann gerði alla skapaða hluti fyrir mig, lánaði mér til dæmis bílinn sinn og reddaði mér ökuskírteini þegar ég missti prófið. Ég skildi ekkert í því hvað þessi maður var góður.

Svo breyttist hann smám saman. Ég fékk einhverja íbúðarómynd og hann var þar öllum stundum. Sagðist geta reddað mér fortrali, sem jafngildir heróíni. Það var mjög erfitt að fá það. Hann fékk þetta frá lækni, einhverjum lækni sem er þekktur fyrir svona. Maður kemur með viskí flösku til hans og fær þetta í staðinn. Ég var orðin alveg bullandi háð fortralinu sem hann átti alltaf. Fráhvörfin af því voru orðin miklu meiri en af morfíninu. Það varð að vera fortral, ef ég fékk eitthvað annað efni þá fékk ég gríðarleg fráhvörf.

Hann varð smám saman þannig að ég var orðin mjög hrædd við hann og lærði það fljótlega að það var eins gott að gera allt sem hann sagði mér að gera. Smám saman byrjaði hann að beita mig gríðarlegu ofbeldi. Ég var bara 36 kíló þá. Hann tók mig upp og henti mér í vegg, sparkaði í mig og

kýldi. En aldrei í andlitið. Það var yfirleitt látið vera, hjá þessum körlum. Andlitið var hins vegar pyntað. Hann ýtti á ákveðna punkta til dæmis á bak við eyrun, sem hann vissi að ollu miklum sársauka, alveg þar til ég leið hreinlega niður af kvölum. Þannig barði hann ekki bara og sló heldur notaði alls konar aðferðir, pyntingar. Hann var snillingur í þessu og ég var ekki fyrsta stelpan sem hann átti. Ef það komu karlmenn þá þurfti ekki einu sinni að spyrja mig. Það var svo sjálfsagt að þeir mættu gera hvað sem var. Líkami minn var bara aðgangur sem þeir höfðu. Þannig var það bara. Þetta var allt úthugað. Þessir menn vita hvað þeir eru að gera.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segir fortral notað hér á Íslandi af sprautufíklum. Þetta komi í staðinn fyrir heróín og sé með heróínlíka verkun. Það lítur sömu lögmálum og eiturlyf, en einungis er hægt að fá það með lyfseðli frá lækni. Sérfræðingurinn segist hafa komist í kynni við tvær stúlkur sem hafi verið fortralfíklar og verið seldar af vændissala á þennan hátt.

Vændissalar og vændishús

Vændissalar tengdir vændishúsum eða íbúðum er sú mynd sem oftast er dregin upp í kvikmyndum og fjölmiðlum. Ólíkt kærasta- og kynlífsvændissölum hefur sá sem starfar í vændishúsum nokkra einstaklinga sem hann gerir út samtímis, frá ákveðnum stað. Það hefur verið staðfest í viðtölum við heimildamenn að slíkt vandi fari fram á Íslandi.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segist þekkja til máls þar sem vændissalinn hafi verið íslensk kona sem gerði út nokkrar ungar stúlkur frá vændishúsi í Reykjavík. Hann segir þetta mál

hafa verið tíðrætt í fjölmiðlum landsins. Á sínum tíma hafi lögreglan ítrekað reynt að komast í samband við vændissalann en það hafi verið nær ógerlegt þar sem hún hafi komið sér upp sterkum varnarmúr með neti kunningja. Til að hægt væri að komast í samband við hana þurfti meðmæli frá einhverjum af kunningjum hennar. Án slíkra meðmæla hafi verið ómögulegt að komast beint að þeirri starfsemi sem hún rak hér á landi. Hann segist ekki vita hvar hún sé í dag eða hvort hún sé hér á landi en að það sé víst að einhver sé nú í svipuðum rekstri og hún var í.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir lögreglunnar eru ekki margir sem hafa veitt upplýsingar um rekstur þessa vændishúss. Vændissalanum virðist hafa tekist að koma á trúnaðarsambandi við viðskiptavinina sína og hafi haft óyggjandi vald yfir stúlkunum sem hún seldi. Sérfræðingur hjá lögreglunni segir það ekki ljóst hvaða leiðir hafi verið farnar til að tryggja trúnað kaupenda í þessu tilviki en hann þekki aðferðir sem notaðar hafa verið í þessum tilgangi.

Hvernig tryggir þú þér trúnað manna? Það er til dæmis með að taka myndir af kúnum meðan þeir þiggja þjónustuna. Ég veit ekki hvort það hafi verið gert þannig en ég veit að menn kjafta ekki frá því sem fram fór. Einhverjum aðferðum hlýtur því að hafa verið beitt.

Það er ljóst að mikil leynd hvílir yfir starfsemi vændishúss sem þessa. Stúlka sem vann í þessu húsi lýsir því hér hvernig starfsemin gekk fyrir sig en þar störfuðu 6-7 vændiskonur

þegar hún var þar. Hún segir að farið hafi verið með sig sem hverja aðra söluvöru.

Ég þurfti að taka bolinn upp svo hún gæti skoðað mig. Ég var mjög barnaleg, svona horuð, með stórt höfuð og augu og ekkert annað. Hún sagði að þetta væri frábært af því að ég gæti selst fyrir að vera 14 til 16 ára. Ég væri svo barnaleg. Hún var ofsalega ánægð með það. Ég varð mjög vinsæl hjá henni, oftast var ég seld sem 14 eða 15 ára. Hún varð alveg brjáluð ef ég komst ekki. Það er svo mikið auka ofbeldi tengt vændi og ég var oft svo illa löskuð. Þannig að ég gat ekki gert það líkamlega, það bara var ekki hægt. Einu sinni var ég send á ógeðslegt hótél. Það endaði með ósköpun, þannig að ég náði að hlaupa út, öll rifin og tætt með glóðaraugu og allt eftir hann. Þá hringdi ég í hana og var bæði líkamlega og andlega í klessu. Ég var öll blóðug því hann barði mig svo hrikalega og svo voru kynfærin ofsalega illa farin. Ég sagði henni að hann hefði nauðgað mér og ég hefði ekki náð peningunum. Hún brjálaðist og sagði: „Það er ekki hægt að nauðga mellu, helvítið þitt“. Alveg brjáluð yfir því að ég hafði ekki fengið peninginn. Hún skipaði mér að koma til sín strax. Það væri einhver að bíða eftir mér inni í stofu hjá sér. Hún sagði bara: „Drullastu hingað eins og skot annars færðu fyrir ferðina helvítið þitt“. Svona var þetta.

Þó ég væri hjá henni þá voru nokkrir kúnnar sem ég komst fram hjá henni með. Það var mjög erfitt og mjög hættulegt. Af því að hún var með handrukkara. Ég lenti aldrei í þeim en hún sendi þá á stelpurnar, aldrei á viðskiptavinina. Nei, hún gerði allt fyrir þá.

Hún var óhugnanlega útsmogin. Á Íslandi er náttúrulega ólöglegt að vera þriðji aðili. Hún passaði alltaf upp á það að kúnnarnir létu hana aldrei hafa peningana. Peningaviðskiptin voru gerð fyrir framan hana en aldrei þannig að hún fengi þá í

hendurnar, svona er hún útsmugin. Ég fattaði það ekki þá, en ef þeir réttu henni peninginn þá sagði hún bara: „Hvað ég? Þú átt ekki að borga mér þú átt að borga henni“. Þannig að ekkert vitni var að því að hún hefði tekið peningana. Ef þetta fór fram heima hjá henni þá tók hún helminginn af peningunum. Ef ég var send út í bæ, sem var mjög algengt líka, þá fékk hún einn þriðja. Þá átti ég bara að koma við hjá henni og láta hana fá peninginn. En hún passaði alltaf að enginn yrði vitni að því.

Viðmælendur segjast ekki vita með vissu hvort þessi starfsemi hafi færst til eða hvort hún hafi verið lögð niður. Í heimildarættinum „Sex í Reykjavík“ var sýnt viðtal sem tekið var við mann sem býr í umræddu húsi í dag. Hann sagði þrjú ár liðin frá því að vændisstarfseminni sem þar fór fram hafi lokið (Ragnheiður Eiríksdóttir og Sigursteinn Másson, 2000).

Heimildarmenn segja að þetta vændishús sé ekki eina vændishúsið sem hafi verið rekið í Reykjavík. Þannig hafi lögreglan í Reykjavík meðal annars vitað um stúlku sem var seld út frá öðru húsi í miðbæ Reykjavíkur. Þá vissu fleiri en einn viðmælandi um íbúð sem tilheyrði einum nektardansstað á Reykjavíkursvæðinu. Samkvæmt heimildum var rekin vændisstarfsemi þar sem skipulögð var af eiganda viðkomandi nektardansstaðar. Þar voru nokkrar ungar stúlkur sem annað hvort höfðu komið hingað til lands til að dansa á nektardansstað eða í þeim einum tilgangi að stunda vandi. Ekki er vitað hvort þessi starfsemi sé enn í gangi en tengiliður nektardansstaða lýsir því á eftirfarandi hátt:

Það er einn nektardansstaður sem gerði út íbúð í bænum. Ein stelpa sem ég kannast við var að dansa

á þessum nektardansstað. Hún var illa farin stelpa, átti í erfiðleikum heima fyrir og var í rugli. Hún var að stunda vænda fyrir einn nektardansstaðinn sem fram fór í íbúð úti í bæ. Það voru um þrjár útlendar stelpur í þessari íbúð, bara í því að selja sig. Ég held þær hafi eingöngu verið í vænda, ekki að dansa lengur.

Þá lék grunur á því hjá lögreglunni í Reykjavík að vændisstarfsemi færi fram í húsi í höfuðborginni þar sem í hlut átti maður sem bjó þar ásamt þremur konum af asískum uppruna. Sérfræðingur hjá lögreglunni segir um þetta mál:

Það var maður sem bjó ásamt þremur tælenskum konum sem hann gerði út. Hann talaði þannig um þær að greinilegt var að þær voru ekki jafningjar hans. Það er mjög algengt í svona samböndum. Hann sagði mér aldrei sannleikann þó að við spyrðum beint, hann vildi aldrei viðurkenna það. En við fylgdumst mikið með húsinu hans. Þá sáu við menn koma og fara, það voru ekki eiturfjaviðskipti því þetta voru menn sem voru að koma með hálf tíma millibili. Ég held að þetta hafi verið nánast sönnun þess að hann hafi verið að gera þessar stúlkur út. Þær þorðu auðvitað ekkert að tala við okkur. Þetta bendir til þess að hann hafi haft gott tak á þeim með ofbeldi eða einhverju öðru.

Undanfarið hefur sú starfsemi sem fer fram á vændishúsum færst í auknum mæli yfir á fjölfarnari staði sem eru með ákveðna þjónustu fyrir. Ástæða þessarar þróunar er sú að þær reglubundnu og tíðu komur sem fylgja vænda verða ekki eins sýnilegar þegar þær renna saman við aðra þjónustu. Sem dæmi má nefna vænda á nuddstofum og nektardansstöðum (Høigård og Finstad, 1986).

Vændissalar innan nektardansstaða

Eins og vændissalar í vændishúsum hafa vændissalar innan nektardansstaða einnig fleiri en einn einstakling sem þeir selja samtímis. Oft er um að ræða nektardansara sem eru starfandi á staðnum. Nektardansstaðavændissalinn, sem oftast er eigandi staðarins, skipuleggur aðgengi viðskiptavinanna að dansara eða þeim einstaklingi sem hann útvegar. Ýmsar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á nektardansstöðum og tengslum nektardansstaða við vændi (Lewis, 1998; Høigård og Finstad, 1986). Í þessum rannsóknum hafa verið tekin viðtöl og gerðar þátttökuathuganir sem hafa leitt í ljós nokkur megineinkenni nektardansstaða víða um heim. Megineinkennin eru eftirfarandi: 1) dansinn fer fram á sviðum og uppi á borðum staðanna 2) á stöðunum eru klefar, VIP herbergi eða kampavínsherbergi ætluð fyrir einkadansa 3) líkamleg snerting á sér stað og óljós skil eru milli dansara og viðskiptavina 4) dansarar sýna algera nekt 5) neysla áfengis fer fram á stöðunum (Lewis, 1998). Þessi atriði einkenna flesta nektardansstaði erlendis þrátt fyrir að þau einkenni oft ekki öll sama staðinn. Hér á landi virðist hins vegar mega lýsa flestum nektardansstöðum með öllum fyrrgreindum þáttum. Þannig bjóða flestir nektardansstaðir á Íslandi upp á nektardans uppi á sviðum og/eða á borðum, einkadans í klefum, VIP og kampavínsherbergi fyrir velmegandi viðskiptavinum og neyslu áfengis. Þá virðast reglur um bann við líkamlegri snertingu almennt ekki virtar.

Í viðtölum við nektardansara, starfsmenn nektardansstaða og einstaklinga sem þekkja vel til nektardansstaða í Reykjavík kom fram að vændi færi fram í tengslum við þessa staði. Um er að ræða bæði óskipulagt og skipulagt vændi. Heimildarmönnum bar saman um það hvaða staðir það væru sem skipulögð vændisstarfsemi ætti sér stað á. Tilgreindir voru þrjár til fjórir nektardansstaðir í Reykjavík en athugunin beindist einungis að því svæði. Þá staðfestu allir viðmælendur að óskipulagt vændi færi fram á mörgum þessara staða þar sem einstakir dansarar seldu viðskiptavinum nektardansstaðanna kynmök, ýmist í einkadansklefum eða annars staðar. Þetta væri eitthvað sem alltaf væri erfitt að koma í veg fyrir, hver svo sem stefna staðarins væri í þeim málum. Þó ber að nefna að viðmælendur sögðu nektardansstaðina mjög ólíka í þessum efnum og yfirmenn þeirra taka mishart á slíku athæfi.

Samkvæmt heimildarmanni sem þekkir vel til allra nektardansstaða í Reykjavík fer fram skipulagt vændi á þremur þeirra. Með skipulögðu vændi er átt við að eigendur staðanna viti af þessari starfsemi og skipuleggi hana á einn eða annan hátt. Þá fá þeir hluta af þeim tekjum sem hljótast af starfseminni. Sjálfum var honum boðið vændi á einum þessara staða fyrir 30 þúsund krónur af stúlku sem vann við að dansa á umræddum stað. Hann segir að á þessum nektardansstað fari slík þjónusta fram í einkadansklefum þar sem viðskiptavinir fá korter til að ljúka sér af og greiði 30 þúsund krónur fyrir. Þá sé víst að stúlkurnar deili þeim peningum sem fáist fyrir slíka þjónustu með eigendum staðanna. Þannig sagði hann:

Ég spurði eina stelpuna hvort tekjunum fyrir kynmökkin væri skipt. Hún talaði um 20 og 10, þannig að staðurinn fengi um 20 þúsund og stelpa 10 þúsund.

Sérfræðingur hjá lögreglunni bendir á að nektardansstaðir fái prósentur af sölu á kampavíni og einkadönsum. Ef stúlkurnar veiti meiri þjónustu, svo sem að selja kynmök, fá þeir einnig óbeinar eða beinar tekjur af því.

Samkvæmt heimildarmanni sem þekkir vel til nektardansstaða í Reykjavík gera tveir þeirra staða þar sem vændi er skipulagt einkum út á erlendar stelpur. Allar stúlkurnar komi frá austantjaldslöndunum eða Asíu til að mynda frá Eistlandi og borginni Bangkok. Þessi svæði verði fyrir valinu vegna þess að bakgrunnur stúlnanna sé bágur og lífsbaráttan hörð og geti margar hverjar fátta annað gert en að selja sig. Hann segir umboðsskrifstofur í þessum löndum hreinlega bjóða upp á mismunandi gerðir af nektardönsum. Á þann hátt sé hægt að biðja sérstaklega um stúlkur sem séu tilbúnar til að stunda vændi ef þess þyrfti. Þetta séu svokallaðar XXX stelpur.

Ef þú ætlar til dæmis að flytja inn nektardansara til Íslands frá Eystrasaltslöndunum þá ert þú spurður af umboðsskrifstofunni þar hvort þú viljir venjulegar stelpur eða XXX stelpur. En XXX þýðir SEX. Um 90% þeirra stelpna sem koma frá þessum löndum hafa verið eða eru í vændi. Sumar eru bara fluttar inn til Íslands sem „þjúra“ vændiskonur. Kunna ekki einu sinni að dansa. Eigendur staðanna standa að þessu. Það er ekkert farið leynt með það að það sé vændi þarna. Það vita allir sem til þess þekkja.

Sérfræðingar hjá lögreglunni segja mjög líklegt að eigendur „kaupi“ þessa nektardansara með vissum formerkjum. Þeir hljóti að vita hvað þeir séu að kaupa. Þeir fari til útlanda og hitti þessar stelpur áður en þær komi hingað.

Annar sérfræðingur hjá lögreglunni tekur undir þetta og segir tengsl eigenda nektardansstaða við önnur lönd gefa miklar upplýsingar. Það sé nóg að kynna sér rekstur og starfsemi slíkra staða erlendis til að sjá að vændi og nektardansstaðir fari iðulega saman. Þannig sækji eigendur þessara staða hér á Íslandi fyrirmyndir sínar erlendis frá. Þeir fari markvisst í ferðir til að víða að sér kunnáttu um rekstur og fyrirkomulag á svipuðum stöðum. Sumar konurnar sem komi hingað hafi dansað á nektardansstöðum í Kanada, Þýskalandi, Hollandi og Danmörku, sem eru vændisstaðir. Þá segir hann víst að vændi sé til staðar á nektardansstöðum á Íslandi, það geti hins vegar reynst mjög erfitt að sanna það.

Það er alveg klárlega vændi á þessum stöðum. Það getur vel verið að það sé mismikið eftir stöðum en það er ekki nokkur vafi á því að það er til staðar. Það er þó mjög erfitt að sanna það. Sumar stelpurnar sem koma að dansa eru vændiskonur sem fara á milli staða í Evrópu og dansa. Vændi í kringum nektardansstaði er ekki sér íslenskt fyrirbrigði. Í svona starfsemi verðum við líka að horfa til útlanda. Þeir sem eiga staðina hér á Íslandi fara út til að sækja þekkingu og starfsfólk.

Rannsókn sem gerð var á nektardansstöðum í Kanada leiddi í ljós að mikil breyting átti sér stað á starfsemi staðanna eftir að reglur um líkamlega snertingu voru rýmkaðar (Lewis, 1998). Hörð viðurlög höfðu gilt um snertingu viðskiptavina og

dansara í þá veru að viðskiptavinir voru sektaðir ef upp komst um hina minnstu snertingu. Þá var lengi vel ekki boðið upp á einkadans á stöðunum. Þegar þetta breyttist varð mikil breyting á starfsemi og skil milli nektardans og vændis urðu mjög óljós. Í umræðu um breytingar frá nektardönsum í vændi hafa konur í fylgdarþjónustu sagt að þær hefðu ekki byrjað í vændi ef ekki hefði verið fyrir líkamlega snertingu milli þeirra og viðskiptavina á nektardansstöðum (Lewis, 1998). Þannig hafi þessi breyting á stöðunum haft það í för með sér að nektardansarar hafi frekar byrjað að selja sig og gert vændi að atvinnu sinni í framhaldi. Nú á undanförunum árum hafa nokkrir nektardansstaðir í Kanada tekið upp á því að breyta reglunum í upphaflegt form, þannig að líkamleg snerting milli viðskiptavina og dansara sé takmarkaðri (Lewis, 1998).

Starfsmaður nektardansstaðar í Reykjavík staðfestir að vændi fari fram á vissum stöðum á höfuðborgarsvæðinu þó ekki sé stundað vændi á þeim stað sem hann vinni á í dag. Þá segir hann algengt að viðskiptavinir komi á nektardansstaðinn í þeim tilgangi að kaupa vændi. Sumir þeirra verði mjög ósáttir þegar í ljós komi að slík þjónusta sé ekki í boði og þá leiti þeir eitthvert annað. Til að mynda hafi það oft komið fyrir að viðskiptavinir komi til þeirra á laugardegi og hafi verið á öðrum nektardansstað á föstudegi. Þeir verði mjög hissa þegar í ljós komi að þeir fái ekki sömu þjónustu á þessum tveimur stöðum. Þeir geri ráð fyrir að fá vændi á einum stað ef þeir hafi fengið það á öðrum. Viðmælandi segir þetta hafa slæmar afleiðingar fyrir þá staði sem ekki vilja hafa vændi tengt

nektardansstaðnum og á þennan hátt missi þeir viðskiptavinum til annarra staða sem fari ekki eftir reglunum. Hann segir þetta gróðaleið.

Það er töluvert um það að það komi menn, ekki síður útlendingar, sem eru að leita að vændi. Þeir verða ósáttir þegar maður segir nei. Koma svo aldrei aftur heldur leita eitthvert annað.

Ung íslensk stúlka sem hefur dansað á nokkrum nektardansstöðum í Reykjavík segir marga dansarana sofa hjá fyrir peninga og dóp. Sjálf byrjaði hún að dansa á nektardansstað á höfuðborgarsvæðinu 17 ára gömul. Hún segist hafa fengið vinnuna í gegnum það að vera í „djamhópi“ í Reykjavík. Vinir hennar sem þekktu eiganda staðarins höfðu hvatt hana til að prófa fyrst að dansa og eigandi staðarins hafi lofað henni veglegri greiðslu fyrir. Á þeim tíma var hún í vímuefnaneyslu og fór þessa leið til að fjármagna neyslu sína.

Í fyrsta skipti sem ég dansaði var ég búin að taka mikið inn af eiturlyfjum, peppa mig upp þannig og drekka. Ég tók mikið Ecstasy áður en ég fór upp á svið og sló auðvitað í gegn fyrir það hvað augun voru geislandi og hvað hreyfingarnar voru flottar. Ég myndi segja að eiginlega allir nektardansararnir séu í neyslu. Þær eru auðvitað að reyna að gera starfið skemmtilegra, að upplifa það eins og djamm. Þú ert að fá borgað fyrir að drekka og vera full. Ég held að fíkniefni séu oft notuð bara á móti því, mikið af spítta og mikið af kókaíni. Þær geta drukkið meira á meðan þær eru að taka spítt. Þær verða ekki eins ölvaðar. Dópið kemur líka þannig inn í að þær þora og þær blokkera það sem þær eru að gera. Þær ná að upphefja sjálfa sig í því að þær séu æðislegar og flottar.

Sjálf segist hún ekki hafa stundað vændi en að það hefði verið lítið mál hefði hún viljað án þess að eigendur staðarins hefðu um það nokkra vitneskju. Hún segist vita að stelpur sem dansi á nektardansstaðnum sem hún vann á og á öðrum stöðum selji sig og fái aukapening fyrir. Það eigi sér einnig stað að stelpurnar fái vímuefni frá viðskiptavinum nektardansstaðanna í staðinn fyrir kynmök.

Já, sumir nektardansarar sofa hjá fyrir pening og fyrir dóp. Auðvitað á þetta ekki við um allar en því miður um margar. Það getur gerst bæði bak við í einkadansklefunum og líka eftir á. Þetta á kannski mest við um þær erlendu stelpur sem koma aftur og aftur. Þær koma aftur og aftur því þær fá virkilega mikinn pening hérna á Íslandi.

Hún segir að ef nektardansari hafi kynmök við viðskiptavin á staðnum sé það þaggað niður. Það sé passað upp á það að ekkert slíkt berist á milli. Þá hafi hún sjálf lent í því að finnast það freistandi að taka aukapening og leyfa viðskiptavininum að ganga aðeins lengra. Það liggi bara beint við. Mörkin verði svo óljós þegar dansari sé kominn með karlmanni inn í klefa og hann veifi peningum og biðji um aðeins meira og svo enn meira.

Ég hef oft lent í mjög erfiðum aðstæðum. Til dæmis verið að dansa einkadans fyrir einhvern subbulegan karl sem mann langar ekki að gera neitt annað en að dansa fyrir. Ókei þú dansar fyrir hann en hann er að bjóða þér og ögra þér með fimm þúsund köllum. Segir leyfðu mér að sleikja þig, leyfðu mér að gera þetta, þú hefur örugglega oft gert þetta. Þannig eru líka sögð ljót orð við mann. Ég gat kannski sagt nei við þessum fimm þúsund köllum, en það var ofboðslega erfitt. Fyrst ég kem

þarna út af öllum þessum peningum, af hverju ætti ég að segja nei við þessum fimm þúsund köllum sem mér eru boðnir. Bara fyrir að láta koma við mig eða að hann myndi já -njóta sín aðeins meira. Maður spyr sig, hverju hef ég að tapa á því?

Þrátt fyrir að hún segist aldrei hafa selt sig á meðan hún var að dansa á þessum stöðum hafi hún einu sinni verið send að beiðni eiganda staðarins í heimahús til karlmanns sem hafði pantað einkadans. Hún hafi talið að um venjulegan einkadans væri að ræða en að augljóslega hafi maðurinn sem pantaði dansinn átt von á einhverju meiru en venjulegum dansi. Hún segir að stúlkur á umræddum nektardansstað séu ekki beðnar um að fara í slíka einkadansa í heimahús nema eigandi staðarins biðji um það í miklum trúnaði. Hún hafi verið beðin um að fara ein síns liðs, án varðar sem yfirleitt fylgi stúlkunum þegar þær fara í slíkar ferðir.

Eigandinn sagði þetta eins og ég ætti bara að sitja og tala við manninn, dansa fyrir hann og fara síðan. En maðurinn hafði allt annað í huga. Hann vildi að ég drykki og drykki mikið. Hann vildi að ég dansaði fyrir framan sig og vildi koma við mig á meðan. Þetta var eitthvað sem ég gat ekki ráðið við. Ég reyndi flóttaleiðina, bað um að fá að fara á klósettið og labbaði út. Ég þurfti auðvitað að biðja um leyfi til að fara á klósettið. Ég held að hann hafi viljað að ég hafi verið þarna lengur en klukkutíma. Já og sofið hjá honum. Eigandinn hefur örugglega hugsað út í það, svona eiginlega sett þetta í mínar hendur, þetta er svona algerlega undir þér komið, án þess að segja það.

Nýjar reglur um atvinnuleyfi nektardansara utan EES

Síðastliðið vor tóku gildi nýjar reglur um atvinnuleyfi nektardansara sem koma frá löndum utan EES svæðisins til að starfa á nektardansstöðum hér á landi. Áður en þessar reglur tóku gildi náði svokallað undanþáguákvæði til nektardansara en með því ákvæði gefst erlendum listamönnum frá umræddum löndum tækifæri til að starfa á Íslandi í fjórar vikur á ári án atvinnuleyfis. Þessu hefur nú verið breytt þannig að eigendum nektardansstaða hefur verið gert skylt að sækja um atvinnuleyfi fyrir dansarana. Samkvæmt heimildum frá Vinnumálastofnun krefjast umsóknirnar töluverðrar vinnu af hendi atvinnurekenda og uppfyllingu ýmissa skilyrða, til að mynda ráðningarsamnings og aðildar að stéttarfélagi. Vonast var eftir að þessar reglur myndu draga úr komu stúlkna frá þeim löndum sem hvað bágastan bakgrunn hafa en flest þeirra eru utan EES svæðisins. Þá áttu þessar reglur að bæta stöðu þeirra stúlkna sem koma hingað til lands með auknu eftirliti og réttindum þeim til handa.

Í dag er málum þannig háttað að atvinnurekendur sem vilja fá einstaklinga innan EES svæðisins hingað til lands til að dansa á nektardansstöðum fá sjálfkrafa leyfi fyrir þá til dvalar og atvinnu í þrjá mánuði. Til að fá einstaklinga utan EES svæðisins hingað til lands þarf hins vegar að sækja um atvinnuleyfi sem gildir í þrjá mánuði. Að sögn starfsmanns Vinnumálastofnunar voru fyrstu atvinnuleyfin gefin út 11. júlí 2000. Hann segir flesta nektardansstaði hér á landi hafa sótt um slík leyfi.

Viðmælendur voru spurðir hve miklar breytingar þeir teldu þessi lög hafa í för með sér. Almennt kom sú skoðun fram að þessar breytingar muni koma til með að hafa einhver áhrif en þær myndu ekki koma í veg fyrir þá vændisstarfsemi sem óhjákvæmilega fylgi nektardansstöðunum. Tengiliður nektardansstaða sagði eftirfarandi um málið:

Þessar nýju reglur gera eigendum nektardansstaða kannski erfiðara um vik. Þeir þurfa að skipuleggja sig betur. Það er það eina. Núna þurfa þeir að treysta meira á umboðsskrifstofurnar þarna úti. Hins vegar geta þeir líka bara sótt um atvinnuleyfi fyrir 100 stelpur og þegar einhverjar þeirra eru lausar geta þær komið til landsins.

Sérfræðingur hjá lögreglunni tekur undir þetta og segir skipulagninguna hljóta að batna með tilkomu regnanna. Hins vegar séu allar líkur á því að eigendur nektardansstaðanna muni leysa þetta.

Ég held að lagabreytingin ein og sér breyti kannski ekkert rosalega miklu. Hugmyndaflugið til að ljúga er endalaust hjá þeim sem á því þurfa að halda. Þetta gerir þeim klárlega erfiðara fyrir. Þeir þurftu ekkert að gera áður. Nú þurfa þeir í það minnsta að setjast niður og skrifa upplýsingar um stúlkurnar. Þeir geta ekki látið eina koma í staðinn fyrir aðra á síðustu stundu. Þetta gerir þeim því erfiðara fyrir, en ég held þeir muni leysa þetta.

Þá segir sérfræðingur hjá lögreglunni að þessar reglur komi til með að fækka komum stúlkna frá austantjaldslöndunum hingað til lands til að dansa á nektardansstöðum. Eigendur staðanna þurfi þá að leita meira til stúlkna frá Evrópulöndum innan EES. Hann segir muninn á þessum tveimur hópum

stúlkna vera töluverðan. Þannig hafi stúlkur frá austantjaldslöndunum sem lögreglan hefur haft afskipti af ekki vitað í hvorn fótinn þær ættu að stíga. Þær komi úr bágu félagslegu umhverfi þar sem allt er falt þar með talið líkami þeirra. Það sé erfitt fyrir þær að setja mörkin. Þannig viti þær ekki hversu langt þær eigi að ganga þegar háar upphæðir eru í boði. Fyrir þær hafi þessir peningar allt aðra þýðingu og geti nálgast tvöföld til þreföld árslaun. Þetta eigi ekki síst við ef þær stundi vændi. Annar sérfræðingur hjá lögreglunni er á sama máli og segir þessar stúlkur frá austantjaldslöndunum margar hverjar skila vissum prósentum út til umboðsaðilanna. Þá séu þær vanar því að í þeirra heimalöndum tengist mafían stundum þessum málum. Lögreglan þar sé fól, bókstaflega allt sé falt. Þetta geri þær mjög óöruggar með rétt sinn hér á landi og það þurfi mikið yfir þær að ganga svo þær kvarti eða hafi samband við lögregluna. Þær treysti engum. Um þetta segir sérfræðingur hjá lögreglunni:

Evrópsku nektardansararnir eru með hreinni línu í þessum málum. Annað hvort stunda þær vændi eða ekki. Þær vita hvaða rétt þær hafa í þessum málum. Þær frá austurblokkinni, allavega þær sem lögreglan hefur komist í kynni við, vita ekki í hvorn fótinn þær eiga að stíga.

Þá segir hann að nýjar reglur um atvinnuleyfi eigi að setja skorður við þennan straum stúlkna frá austantjaldslöndunum. Hins vegar sé erfitt að segja til um hvaða áhrif reglurnar hafi fyrr en reynsla sé komin á þær.

Eins og sjá má eru viðmælendur misbjartsýnir á það hvort þessar reglur komi til með að draga úr straumi nektardansara frá austantjaldslöndum hingað til lands. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hafa á þeim fjórum mánuðum sem liðnir eru frá því fyrsta atvinnuleyfið var veitt, verið gefin út 142 atvinnuleyfi fyrir dansara frá löndum utan EES svæðisins, eða rúmlega eitt leyfi á dag. Því er óhætt að álykta að ekki sé miklum vandkvæðum bundið að fá atvinnuleyfi fyrir dansara frá löndum utan EES svæðisins, en samkvæmt heimildarmönnum virðast eigendur staðanna helst kjósa að fá stúlkur frá þeim löndum til að dansa á nektardansstöðunum.

Þegar á heildina er litið virðast breyttar reglur varðandi atvinnuleyfi nektardansara utan EES svæðisins ekki koma í veg fyrir komur nektardansara hingað til lands. Þó má ætla að þær auki eftirlit og réttindi þessara einstaklinga hér á landi. Með tilliti til umræðu um vændi á nektardansstöðunum eru heimildarmenn sammála um að vændi á nektardansstöðum á Íslandi fari fram meðal stúlkna frá hinum ýmsu löndum, bæði innan og utan EES. Þessar reglur komi því ekki í veg fyrir vændi tengt stöðunum.

Barnavændi

Til eru dæmi þess að fjölskyldur í hinum ýmsum löndum selji börn sín í vændi (Barry, 1995). Að sögn lögreglu hefur barnavændi aldrei verið kært til lögreglu á Íslandi en eins og fram kemur hér á eftir á þetta sér stað hér á landi sem annars staðar. Lögreglan hefur hins vegar haft afskipti af málum tengdum barnaníðingum og barnafíklum á Íslandi.

Barnafíkill er einstaklingur sem gírnist börn, það er hefur áhuga á börnum með eitthvað kynferðislegt í huga. Hann þarf ekki endilega að misnota barnið kynferðislega. Ef hann misnotar barnið kynferðislega þá er hann kallaður barnaníðingur.

Samkvæmt sérfræðingum hjá lögreglunni veit lögreglan til manna hér á landi sem hafa ítrekað brotið af sér og misnotað barn oft en einu sinni. Þá vita þeir til þess að þessir sömu menn hafi í framhaldi af slíkum málum leitað til útlanda í sömu erindagjörðum, til að mynda farið í ferðir til Tælands. Samkvæmt erlendum rannsóknum misnotar stór hluti barnaníðinga börn ítrekað þrátt fyrir dóma og meðferðir (Rice, Quinsey og Harris, 1991; McConaghy, 1998; Prentky, Lee, Knight og Cerce, 1997). Samkvæmt lögreglu hefur svipað komið fram á fundi hjá Interpol þar sem meðferð var sögð hafi lítil áhrif á hegðun og þankagang barnaníðinga hvort sem notuð var lyfjameðferð eða sálræn meðferð. Samkvæmt ráðum erlendra sérfræðinga sem starfa á þessu sviði er árangursríkasta leiðin að fylgjast vel með þessum mönnum. Þetta sé fíkn, þeir brjóti aftur og aftur af sér. Barnafíklar gírnist yfirleitt ákveðið

kyn, á ákveðnum aldri og spanni aldursbilið yfirleitt þrjú til fimm ár. Um leið og barnið verði eldra en það sem þeir gírnast hafi þeir ekki lengur áhuga og sleppi þá af því hendinni.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segir mjög algengt að barnafíklar og barnaníðingar safni barnaklámmyndum. Hann segir að frá árinu 1998 hafi um það bil 16 mál komið upp varðandi barnaklám. Um sé að ræða karlmenn sem hafi í fórum sínum barnaklám á ýmsu formi. Meðal annars skjámyndir á tölvutæku formi. Efni sem þeir hafi sótt á Internetinu, fengið sent í tölvupósti eða fengið á spjallrásunum. Honum er ekki kunnugt um að um íslenskar myndir hafi verið að ræða.

Hér á eftir fylgir frásögn ungrar íslenskrar konu sem var misnotuð kynferðislega í æsku af föður sínum og seld af honum til annarra karlmanna í skiptum fyrir fíkniefni. Hún var aðeins 5 ára gömul þegar faðir hennar misnotaði hana fyrst og frá 7-14 ára aldri veitti faðir hennar öðrum karlmönnum aðgang að henni kynferðislega og var oft um samfarir að ræða. Hún segist muna eftir fimm karlmönnum sem misnotuðu hana mörgum sinnum á þessu sjö ára tímabili. Þeir hafi litið út eins og „hver annar maður út á götu” sem gegnir sinni vinnu í þjóðfélaginu. Þeir hafi þó flestir haft aðgang að fíkniefnum og sumir þeirra hafi verið að selja fíkniefni. Þá hafi þeir allir haft áhuga á barnaklámi, bæði barnaklámmyndböndum og barnaklám tímaritum. Í það minnsta einn þeirra hafi átt stórt safn af barnaklámi sem hann lánaði og/eða seldi vinum og kunningjum. Hún segir hér sögu sína:

Minn ofbeldismaður er fyrst og fremst faðir minn. Hann var kynferðislega stórbrennlaður og sótti í stúlkubörn. Hann átti þá forsögu að hafa verið dæmdur fyrir að leita á unga stúlku áður en hann kynntist mömmu. Hann byrjaði að misnota mig kynferðislega þegar ég var 5 ára gömul. Frá 8 ára aldri var um fullt samræði að ræða, það er kynmök. Ég held að ég fari ekkert nánar út í það. Frá 7 ára aldri selur hann öðrum mönnum aðgang að mér kynferðislega fyrir fíkniefni. Það var um fleiri en einn mann að ræða og fleiri en tvo, ég man allavega eftir fimm. Þetta var mjög gróf kynferðisleg misnotkun sem varði oft heilu næturnar. Við vorum oft heima hjá einhverjum af þessum mönnum og þeir voru þá að drekka og dópa og ég var látin vera til taks. Oftast var farið með mig heim til annarra manna en stundum fór þetta fram heima hjá mér. Þá misnotuðu þeir mig og systur mína. Þetta var allt svo ógeðslegt, dregið fyrir gluggana, allt út í brennivínsglössum og þeir ekkert klæddir. Þetta var rosalega erfitt, það fylgdi þessu mjög mikill sársauki, þetta var mjög vont. Stundum fylgdi auka ofbeldi en ekki alltaf, maður varð að vera góður. Ef maður var ekki góður þá refsaði faðir minn mér. Annað hvort með ofbeldi eða með að fara á lengri fylliristúra. Hann lét mig þá vita að það var ég sem bar ábyrgð á því. Eða hann drap dýr, drekkti kettlingum eða drap páfagauk. Þá fékk ég alltaf að vita að kettlingurinn dó vegna þess að ég var ekki nógu góð.

Þessir menn létu mig og systur mína horfa á klámspólur og lesa klámblöð þar sem börn voru í aðalhlutverkum. Hvort þeir ímynduðu sér að þannig gætu þeir æst okkur upp eða hvort að það var til að þeir æstust sjálfir upp, veit ég ekki. Ég veit ekki í hvernig hugarheimi svona menn lifa.

Hún segist vita til þess að lögreglan hafi haft afskipti af einum þessara manna fyrir að hafa fjöldann allan af barnaklámspólum í fórum sínum.

Sérfræðingur á Landspítala - Háskólasjúkrahúsi segir barnaníðinga helst koma á vissar deildir sjúkrahússins út af ofnotkun á áfengi og vímuefnum. Stundum segi þeir frá þessu sjálfir og séu þá að leita sér hjálpar. Stundum viti starfsmenn deildanna hins vegar af því án þess að barnaníðingarnir segi frá því. Í hlut eigi einungis karlmenn þó vitað sé til þess að konur geri einnig slíkt. Þá segir hann: „Þetta fólk kann að láta lítið fyrir sér fara í þjóðfélaginu, barnaníðingar kunna að dyljast”. Sérfræðingur hjá lögreglunni tekur undir þetta.

Þeir eru til hérna þessir barnafíklar og barnaníðingar. Það er bara spurning um að leita eftir þeim. Þeir koma ekki til þín. Það er svona leyndarhula sem hvílir yfir þessu og maður þarf að leita eftir málinu til þess að finna það. Það kostar mikinn pening og mannskap.

Einhverjir barnafíklar og mögulega barnaníðingar virðast finna kenndum sínum farveg með því að leita uppi vandi. Þannig sækjast þeir eftir barnalegum einstaklingum sem ert seldir sem yngri en þeir raunverulega eru. Ung kona sem var í skipulögðu vandi hér á landi segir sig hafa verið mjög vinsæla meðal viðskiptavinanna. Hún segir ástæðu þess vera að á þeim tíma hafi hún verið lítil, mjó og flatbrjósta – það er, hún var barnaleg.

Það var mjög algengt að kúnnarnir hafi viljað barna-eitthvað. Það var ofboðslega algengt. Ég þurfti að kalla þá pabba, átti að þykjast vera 7 ára,

tala barnamál og fara í barnaleiki. Um sjö til átta ára var mjög algengur aldri, hámark svona 12 ára. Þeir vilja að maður tali mikið um það, noti barnarödd og segi já en pabbi. Þeir sögðu mér allt um það hvað stúlkubörn væru sexí og að ekkert væri hægt að gera í því. Ástæðan fyrir því að ég varð mjög vinsæl meðal kúnnanna var að ég var barnaleg og það var hægt að selja mig sem svo unga. Ég þurfti líka að raka mig að neðan.

Einn fastakúnninn, um rúmlega fertugt, var „viðkunnalegur” svona fyrstu skiptin. Mjög myndarlegur. Maður sem maður myndi vilja þekkja, hann kom þannig fram. Bar af sér góðan þokka og talaði fallett mál. Hann átti fjölskyldu og sýndi mér stundum myndir af fjölskyldunni sinni. Honum þótti vænt um litlu stelpurnar sínar, konuna sína og allt það. Svo smám saman, varð hann kölski sjálfur. Ég átti að þykjast vera dóttir hans og hann kallaði mig hennar nafni. Hann lék þetta alveg til enda. Sagði meira að segja: „Þú mátt ekki segja mömmu þinni þetta, mamma þín er að koma, við verðum að drífa okkur”. Hann sagði þetta með öllu eins og þetta bara er. Bara leikið sífjaspell, frá a til ö. Þú lofar að segja engum frá, allt þetta var með. Ég spurði hann einu sinni áður en hann fór alveg yfir um hvort hann gerði þetta við dóttur sína. Hann sagði að hann langaði rosalega til þess, en hann hefði ekki gert það, ekki enn þá, en hann langaði rosalega til þess.

Það er þekkt að barnaníðingar og barnafiklar bindist samtökum og myndi samskiptanet sín á milli. Þannig skiptast þeir á upplýsingum og barnaklámefni og veita hverjir öðrum viðurkenningu og réttlætingu fyrir fíkn sinni. Þrátt fyrir að það sé vitað að slíkir hringir séu til meðal barnafikla og -níðinga erlendis getur fólk átt bággt með að trúa að svona lagað geti þrífist á Íslandi. Fólk veltir því fyrir sér hvernig slíkir menn geti

aðhafst og myndað samskiptanet sín á milli í svo fámennu landi. Þrátt fyrir efasemdir þrífst slík starfsemi hér á landi. Þessir menn virðast leita á sömu staðina, til að mynda á einstaklingssöfn þar sem greiður aðgangur er að barnaklámi. Ung kona sem var seld af föður sínum til slíks hóps lýsir því hér hvernig hann hafi komist í félagsskap barnaníðinga.

Faðir minn ætlaði að koma af stað „bissness“ sem gekk út á tengsl milli manna á Íslandi við ungar stúlkur erlendis frá. Þetta gekk ekki upp hjá honum og lokað var á þetta, líklega vegna þess að fólk vissi að það var eitthvað vafasamt í gangi. Hann vildi komast í samband við þessar ungu stúlkur á röngum forsendum. Ég held að þannig hafi hann fyrst komist í kynni við þessa vafasömu menn. Þá er ég viss um að í gegnum drykkjuna og dópið hafi hann kynnst einhverjum slíkum. Annars var það áhuginn á barnaklámmyndum og barnaklám-tímaritum sem þeir virtust eiga sameiginlegan. Bara það að leigja klámmynd gat komið honum í kynni við menn með svipuð áhugamál. Einn af þessum náungum var með videóleigu með klámspólum og það tengdi þá saman, það er gegnum gangandi. Þeir þefa hvern annan uppi á þennan hátt.

Með aukinni netvæðingu undanfarin ár hafa opnast nýjar og faldari samskiptaleiðir sem einstaklingar með slíkar kenndir virðast nýta sér til hins ýtrasta. Sérfræðingur hjá lögreglunni segir að fyrir tíma Internetsins hafi mest af barnakláminu komið frá Norðurlöndunum. Netið gerbreytti öllu ekki síst fyrir lítið eyland eins og Ísland. Þannig hverfi öll landamæri og skyndilega finni þessir einstaklingar sér stuðning frá svipuðum hópi manna um allan heim. Þetta efni streymi alls staðar að. Þá segir hann barnafíkla þurfa að réttlæta gjörðir sínar með því

að leita eftir samþykki hjá öðrum slíkum og netið sé mjög góð leið til þess að komast í samband.

Barnfíklar og barnaníðingar réttlæta hegðun sína hver fyrir öðrum og hittast á netinu bæði til að tala saman og til að nálgast börn á spjallrásunum eða með tölvupósti. Það eru til dæmi um það að þeir hafi þótt vera 11 ára gamlir en eru í raun 40 ára karlmenn. Það hefur til dæmis komið fyrir hér á landi að 17 ára drengur kærði karlmann sem hann hitti á netinu. Maðurinn var síðar handtekinn en hann hafði reynt að nálgast 14-17 ára drengi hér á landi. Þá fannst töluvert magn af barnaklámi í fórum hans.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segir ekkert eftirlit vera hjá lögreglunni með gerðum slíkra manna á Internetinu en það þarfnist mikillar og kostnaðarsamrar sérþekkingar. Þetta vandamál verði ekki leyst nema með alþjóðlegu samstarfi. Tvö af þeim 16 málum sem komið hafa upp hérlendis á síðastliðnum tveimur árum er tengjast barnaklámi hafi til að mynda verið upplýst vegna eftirlits með slíku barnaklámefni hjá FBI í Bandaríkjunum. Þar vinna lögreglumenn á Internetinu við að leita uppi barnafíkla og barnaklámefni. Í öðru tilvikinu þóttist lögreglumaðurinn vera 14 ára gamall strákur og komst þá í kynni við Íslending á spjallrás. Íslendingurinn hafi í framhaldi sent honum barnaklámmyndir og myndir af sjálfum sér. Upplýsingar um þetta mál bárust lögreglunni hér á landi og þeir leituðu manninn uppi. Við nánari rannsókn á málinu reyndist þessi sami maður hafa misnotað tvo 12-13 ára drengi hér á Íslandi. Í alþjóðlegu samstarfi Interpol hefur komið fram að til séu hringir manna

sem flytja inn konur og börn og þvinga þau í vandi. Þetta virðast vera stórir hringir þar sem miklir peningar eru í spiliinu. Upp hefur komist um stóran alþjóðlegan hring barnafíkla eftir að meðlimur sýndi öðrum meðlimum klúbbsins kynferðislega misnotkun á barni í beinni útsendingu á Internetinu. Þetta mál kom upp fyrir um 3 árum og lagði lögreglan hald á mikið magn af barnaklámi í kjölfarið. Rannsókn málsins hjá Interpol er enn í gangi en um 100 handtökur hafi farið fram í 12 löndum.

Eins og áður sagði hafa rannsóknir sýnt að meðferðir fyrir barnafíkla og barnaníðinga bera mismikinn árangur. Árangursríkasta leiðin er talin vera reglulegt eftirlit með þeim. Aðrar þjóðir hafa í auknum mæli aukið eftirlit með barnaníðingum og jafnvel sett löggjöf þar um. Þannig er í ríkara mæli farið að tryggja að lögreglan hafi upplýsingar um ferðir þeirra manna sem hlotið hafa dóma tengda misnotkun á börnum, til að mynda upplýsingar um búsetu og ferlaflutninga, starf og fleira. Dæmi um slíka löggjöf er á Írlandi þar sem einstaklingum, sem vinna á vinnustöðum þar sem börn eru, hefur verið gert skylt að tilkynna vinnuveitendum sínum um fyrri afbrot ef einhver eru. Þannig er það gert refsivert að tilkynna ekki vinnuveitendum um brot, þar með talin kynferðisbrot gegn börnum. Sérfræðingur hjá lögreglunni bendir á að í íslenskum hegningarlögum er varða skilorðsbundna dóma er mögulegt að setja sértæk skilyrði, svo sem um vinnu, búsetu, menntun, tómstundir og umgengni við aðra menn. Til dæmis er mögulegt að setja sértæk skilyrði um að einstaklingur ráði sig ekki í starf sem feli í sér samvistir eða

umgengni við börn. Þannig séu leiðir til að auka eftirlit með dæmdum barnaníðingum á Íslandi. Auk lagaákvæða og reglusetninga sé einnig mikilvægt að Íslendingar leggi eitthvað af mörkum í hið alþjóðlega samstarf sem er í gangi í dag í þessum málaflokki. Þátttaka í slíku samstarfi skili mikilli þekkingu sem nýtist til aukinna og bættra rannsókna og forvarna tengdum slíkum málum hér á landi. Margar þjóðir sem eru farnar að veita þessum málum meiri athygli en áður.

4. Félagslegt umhverfi vændis

Þær eigindlegu rannsóknaraðferðir sem þessi rannsókn er byggð á gefa ekki möguleika á að kanna fylgnisamband milli vændis og félagslegra aðstæðna einstaklinga í vændi á Íslandi. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að velta þeirri spurningu upp hvort ástæða sé til að ætla að félagslegt umhverfi vændis á Íslandi sé frábrugðið því sem fundist hefur í öðrum löndum Evrópu og Ameríku, en niðurstöðum hefur að miklu leyti borið saman milli þessara landa. Í viðtölum við sérfræðinga sem hafa í gegnum starf sitt kynnst einstaklingum í vændi á Íslandi kom fram að smæð landsins geti mögulega haft áhrif á birtingarmynd vændis héraendis. Þannig geti þessi mál til að mynda verið viðkvæmari fyrir einstaklinga í landi þar sem allir þekkja alla og upplýsingar um fólk eru fljótar að berast manna á milli. Á hinn bóginn geti þó hugsast að auðveldara sé að halda slíkum heimi lokuðum í litlu samfélagi þar sem kunnugleiki manna á milli innsigli traust og þagnarskyldu þeirra. Þrátt fyrir þetta segir sérfræðingur á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans ekki ástæðu til að ætla að ólíkir grundvallarþættir búi að baki vændi hér á landi en í nágrannalöndum okkar. En erlendar rannsóknir hafa meðal annars gefið til kynna að einstaklingar í vændi séu líklegri en aðrir til að hafa lent í kynferðislegu ofbeldi í æsku, að vera eða hafa verið í áfengis- og vímuefnaneyslu, að hafa hlaupist ungir að heiman og að hafa skort eftirlit og umsjón foreldra (Widom og Kuhn, 1996; McClanahan, o.fl., 1999; Seng, 1989; McCaghy, o.fl., 2000; Yates, o.fl., 1991; Pedersen og Hegna,

2000; Greene, o.fl., 1999; Regoli, og Hewitt, 2000; James og Meyerding, 1977).

Sérfræðingur á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans segist hafa aflað sér upplýsinga um þessa hluti meðal annars gegnum rannsóknir erlendis frá. Þær nýtist honum mjög vel í sínu starfi hér á Íslandi. Það er erfitt að ímynda sér annað en að eðli þessara hluta sé mjög svipað milli landa. Unglingar sem leiðist út í vandi eru oft með svipað bakland. Þetta séu oft krakkar sem fara mjög ungir að heiman, þeir hafi stundum verið beittir líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi, orðið fyrir sinnuleysi, vanrækslu eða kynferðislegu ofbeldi.

Ég hef unnið klíniska vinnu í Bandaríkjunum, Svíþjóð og hérna á Íslandi. Ég sé ekki svo mikinn mun á fólki á þessum stöðum. Grundvallarþættirnir eru eins. En ég á mjög erfitt með að meta hve algengt er að ungt fólk á Íslandi leiðist út í vandi. Það eru að öllum líkindum þeir einstaklingar sem hafa búið við slæmar félagslegar aðstæður og vanrækslu. Það eru svo margir þættir sem koma inn í. Ef þú hefur lélegan félagslegan bakgrunn þá hefur þú minna til að vinna úr í lífinu. Þannig hefur félagslegur bakgrunnur áhrif. En það er ekki í sjálfu sér nægilegt til að fara út í vandi. Það þarf að auki að vera einhver samskiptalegur þáttur svo einstaklingur leiðist út í þetta. Til að mynda sá samskiptalegi þáttur að hafa á einhvern hátt verið kúgaður í uppeldinu, lifað við uppeldi sem gerir það að verkum að einstaklingurinn fái þá tilfinningu að hann sé ekki bara til fyrir sjálfan sig heldur fyrir aðra. Til dæmis ef hann hefur verið beittur kynferðislegu ofbeldi.

Sérfræðingur á Barna-og unglingsdeild Landspítalans segir erfitt að segja til um það hverju vandi tengist sérstaklega þar sem engar slíkar rannsóknir hafi verið gerðar hér á landi. Það sé þó algengt að þetta fólk komi frá brotnum heimilum eða erfiðum heimilisaðstæðum og hafi alist upp í erfiðu umhverfi.

Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi í æsku leiðir til minna sjálfsmats fórnarlamba og algengt er að þau upplifi sjálf sig sem kynferðislega minna virði en aðra, sem spillta og jafnvel vonda einstaklinga sem ekkert gott eiga skilið (Deisher, Robinson og Boyer, 1982). Þessir einstaklingar geta auðveldlega leiðst út í frávikahegðun, þar á meðal vandi til að öðlast félagslegt samþykki, virðingu og tekjur. Sérfræðingur á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi segir að kynferðislegt ofbeldi í æsku brjóti fólk niður andlega og það að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og leiðast síðar á ævinni út í vandi sé mjög tilfinningalega tengt. Starfsmaður Stígamóta tekur undir þær alvarlegu afleiðingar sem kynferðislegt ofbeldi hafi á andlega líðan fólks. Til Stígamóta leita nær eingöngu einstaklingar sem hafa orðið fyrir slíku. Þar af leiðandi hafi allir sem komið hafa til þeirra og hafi haft sögu um vandi einnig haft sögu um kynferðislega misnotkun. Hann segir þetta vera skekka mynd sem þau hafi. Engu að síður telji þær vandi geta verið fylgifisk kynferðislegs ofbeldis.

Ein stúlkan til dæmis talar um vandið eins og uppvaskið samanborið við kynferðisofbeldið sem hún varð fyrir sem lítil stúlka. Henni fannst vandi

leið til að ná í pening fyrir vímuefnaneyslunni. Hún setur engin spurningamerki við það. Bæði þessi kona og maður sem er í viðtölum hjá okkur núna hafa skorið sig mjög mikið. Þannig fylgir kynferðislegu ofbeldi stundum sjálfssköðun á mjög alvarlegu stigi. Ég upplifi það þannig að vændið sé hluti af því. Vændið sé sjálfssköðun.

Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum hafa gefið til kynna að allt frá 50% til 90% kvenna í vændi hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 16 ára aldur (James og Meyerding, 1977; Farley og Barkan, 1998; McCaghy, Capron og Jamieson, 2000; Høigård og Finstad, 1986). Sérfræðingur hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans telur þetta hlutfall vera svipað hér á landi og á Norðurlöndum. Þá segir hann það ekki koma á óvart að hlutfall þeirra unglunga sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku og leiðist síðar út í vændi sé mishátt eftir rannsóknum þar sem viðfangsefnið sé mjög viðkvæmt. Hann ítrekar þessar niðurstöður og segir að samkvæmt þeim sé vændi strangt til tekið ekki val einstaklingsins. Það sé ríkjandi hugsun meðal barna sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi að þau séu ekki til fyrir sjálfa sig heldur fyrir aðra. Þannig hafa þau þá hugmynd að þau séu hér til þess að fullnægja þörfum annarra frekar en sínum eigin.

Einstaklingur sem hefur verið beittur kynferðislegu ofbeldi hefur ekki hugmynd um það hvernig það er að vera í kynferðislegu sambandi við einn eða neinn. Þegar fullorðin manneskja fer yfir þessi mörk gagnvart barni þá verður strax til þetta, ég er til fyrir þig en ekki þú fyrir mig. Með þannig bakgrunn er auðveldara að fara í þetta skarð, að

selja líkamann sinn, vegna þess að það er eiginlega komið inn í kerfið að þetta sé í lagi. Þannig hafa siðferðismörk þeirra verið brotin af öðrum einstaklingi. Þeim finnst þau ekki vera að fara yfir nein mörk, það er búið að fara yfir þau.

Ung kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vandi á Íslandi segir vanlíðan sína hafa hafist þegar hún varð fyrir kynferðislegu ofbeldi 7 ára gömul. Þetta hafi síðan allt vafið utan á sig og eitt leitt af öðru.

Þetta byrjaði allt þegar ég var lítil. Það er upphafið að þessu öllu. Ég var beitt kynferðislegu ofbeldi þegar ég var 7 ára. Það hélt svo áfram alltaf af og til þangað til ég var 12 ára. Á þessum aldri breyttist ég ofsalega mikið. Varð svona ósýnileg og bældi allt inni og var það sem er kallað mjög þægur krakki, ótrúlega þægur krakki, mjög meðfærileg. Sagði aldrei neitt og var alltaf yfirgengilega mikið inn í mig. Svo þegar ég var 12 ára trylltist ég, öskraði og gargaði. Það var farið með mig á sjúkrahús og það kom í ljós að þetta var eitthvað andlegt. Þá var ég send í burtu í sveit og kom aftur til baka þegar ég var 14 ára.

Þegar ég kom til baka þá ákvað ég að ég þyrfti að gera eitthvað til að fólk væri hræddara við mig en ég við það. Ég lokaði alla úti og ákvað að verða pönkari. Það var ákvörðun, gerðist ekkert smám saman eða neitt. Þetta var bara ákvörðun, að búa til svona rosalega sterkan front, svo fólk þyrði ekki að koma nálægt mér. Ég breyttist bara á einni nóttu með það. Þetta var eina leiðin sem mér fannst fær, svona „survival”. Ég skil það mjög vel í dag. Ég vissi þá ekkert hvað eða af hverju þetta var svona. Þetta var bara eitthvað sem ég varð að gera. Áður hafði ég stundað íþróttir, var íþróttahetja og fékk verðlaun fyrir allt í skólanum. Svo kom ég til baka með beinagrindur í eyrunum, rakaðan haus og útkrotaðar buxur. Þá byrjaði ég að sníffa. Það gerði

ég alltaf ein, ekki með neinum öðrum. Hatrið á sjálfri mér var alveg óendanlegt, algjörlega óendanlegt. Ég var svo ógeðsleg að öllu leyti, mér fannst svo ógeðslegt að þurfa að vera þarna inni í líkamanum, það var bara algjör viðbjóður.

Fjölskylduaðstæður

Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna að börn og unglingar sem hlaupast að heiman og búa við margbreytilegar aðstæður eða heimilisleysi, séu líklegri til að leiðast út í vændi en þau sem búa heima (Greene, o.fl., 1999; Seng, 1989; Regoli og Hewitt, 2000). Sérfræðingur hjá Stígamótum segir flesta þá aðila í vændi sem hann hafi talað við hafa nánast verið á götunni, ekki haft neinn fastan samastað. Þvælist bara á milli dópbæla og „kunningja”. Sérfræðingur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík tekur undir þetta og segir að ungt fólk á Íslandi sem hafi sögu um vændi sé oft komið á götuna. Þar geti bæði spilað inn í erfiðar aðstæður hjá fjölskyldunni og áföll sem geta dunið á þessum krökkum á unglingsárunum. Þannig geti allt raknað upp og þeir leiti eitthvað annað, leiðist hugsanlega út í vímuefnaneyslu og endi á götunni.

Ungur strákur sem var í vímuefnaneyslu og vændi 15 til 18 ára segir að það að hann hafi verið beittur kynferðislegu ofbeldi í æsku hafi leitt til þess að hann hafi hafið neyslu vímuefna og hlaupist að heiman um 15 ára aldur. Þegar neyslan hafi verið orðin mikil og kostnaðarsöm hafi hann byrjað að selja sig fyrir vímuefni og peninga.

Vímuefnaneysla

Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna að sumir einstaklingar fari í vændi til að fjármagna neysluna en aðrir byrji að nota vímuefni eftir að hafa byrjað í vændi (Kuhn, Heide og Silverman, 1992 og James, 1976). Sérfræðingar hér á landi segjast helst verða varir við vændi í tengslum við vímuefnaneyslu. Þó sé það ekki algilt. Sérfræðingur meðferðarheimila segir vændi mikið vera í umræðunni á áfengis meðferðardeildum. Þannig hafi komið upp mál sem tengjast ungu fólki sem hefur selt sig. Þetta sé almennt ekki skráð nema stundum hafi það komið fram í viðtölum. Þá telur hann að með aukinni neyslu einstaklinga og harðari efnum noti sífellt fleiri þessa leið til að fá fíkniefni. Sérfræðingur á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi bendir þar að auki á að margir þessara unglinga komi úr erfiðum fjölskylduaðstæðum og þá sé ekki endilega átt við fátækt heldur skort á að tilfinningasambandið sé í lagi milli unglinganna og foreldranna. Tilfinningasamband og eftirlit skipti miklu máli í þessu samhengi.

Ungt fólk í vímuefnaneyslu býr oft við bágar fjárhagslegar og félagslegar aðstæður. Skipti á kynlífi og peningum eða kynlífi og vímuefnum er einn möguleiki til að afla sér tekna við þessar aðstæður. Ung kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi segir frá því hvernig hún seldi sig í fyrsta skiptið til að geta keypt sér 2 grömm af amfetamíni. Hún segir að án þess hefði hún ekki komist í gegnum stúdentsprófin.

Ég var ekki þannig dópisti að þetta hafi verið félagsþrýstingur. Þetta var bara ég ein, mér leið svo vel þegar ég sniffaði. Ég fann ekki eins mikið fyrir mér þá. Þannig fannst mér ég komast einhvern veginn frá líkamanum og frá mér allri. Ég varð meðvitundarminni. Fékk frið, ró, gat allt í einu andað. Hugsaði að svona gæti mér liðið vel. Þannig byrjaði það. Svo vafði það utan um sig. Kynntist hassi 16 ára, byrjaði reyndar mjög fljótt að reykja mikið af því. Síðan fór ég svo að prófa spítt, sýru og þetta allt saman.

Þegar ég seldi mig í fyrsta skipti þá var ég bara ein. Þá var ég að taka stúdentsprófin. Ég var líka að vinna á hóteli á þeim tíma og það var alltaf karl að hringja á hótelið, svona ógeðslegur dónakarl. Hann sagði að hann myndi borga mér 10 þúsund kall fyrir að sofa hjá sér. Og ég gerði það. Bara af fíkn. En ég sagði mér þá að þetta hefði ég gert til að komast í gegnum stúdentsprófin. Sem sagt, ég var í síðustu prófunum og átti ekki pening fyrir dópi sem ég virkilega þurfti ætlaði ég mér að komast í gegnum prófin. Mig vantaði 2 grömm.

Ég var alltaf undir áhrifum, alltaf, allan sólarhringinn. Það jókst með því sem líkaminn þurfti meira. Þá þurfti ég að deyfa alla líkamlegu verkina og verða meðvitundarminni á meðan á því (væðinu) stóð. Reyna að vera ekki á staðnum. Afí var uppáhalds manneskjan mín. Í hvert einasta skipti áður en ég fór eitthvað eða var send út í bæ til kúnna þá bað ég afa alltaf um að taka sálina mína og geyma hana. Svo fór ég inn og var ekki til, ekki til.

5. Heilsa og líðan einstaklinga í vændi

Niðurstöður erlendra rannsókna hafa sýnt að andleg líðan einstaklinga í vændi sé oft mjög slæm, þannig sé til að mynda tíðni þunglyndis, kvíða og áfallaröskunar mun hærri meðal þeirra en annarra (McClanahan, McClelland, Abraham og Teplin, 1999; Farley og Barkan, 1998; Yates, Mackenzie, Pennbridge og Swofford, 1991). Þetta virðist eiga við um ungt fólk jafnt sem eldra. Á þann hátt eru unglingar á aldrinum 14-17 ára sem hafa selt kynmök einu sinni eða oftast meira einmana og sýna oftast merki um þunglyndi og kvíða en jafnaldrar þeirra (Pedersen og Hegna, 2000). Þá hefur verið athugað hversu mikinn þátt vímuefnaneysla þessara einstaklinga spilar inn í andlega líðan þeirra. El-Bassel og félagar (1997) komust að því að andleg vanlíðan var meiri meðal kvenna sem stunduðu vændi og notuðu vímuefni en meðal kvenna sem notuðu vímuefni án þess að stunda vændi. Rannsóknarmennirnir drógu þá ályktun af niðurstöðunum að greining og meðferð á sálrænum kvillum meðal einstaklinga sem hafa stundað vændi sé mikilvæg en ábótavant. Sérfræðingur á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans segir vandamál ungs fólks sem hefur leiðst út í vændi vera margþætt. Oft þurfi langar meðferðir til að vinna á andlegum afleiðingum vændis. Þau komi inn á Barna og unglingageðdeild vegna slæmrar andlegrar heilsu. Sjálfsmat þeirra sé oft mjög lágt og algengt sé að þunglyndi og sjálfsmorðshugsanir hrjái þennan hóp.

Vandamál þessa unga fólks sem er að selja sig fyrir dóp og peninga eru margþætt. Það eru m.a. skólaerfiðleikar, einelti og fjölskylduerfiðleikar af ýmsum toga. Það er eitthvað meira að í uppeldinu þegar krakkar leiðast út í þetta eða maður skyldi ætla það. Ég hef unnið með eldri konum þ.e. um þrítugt sem höfðu selt sig ungar. Þetta brýtur niður sjálfsálit og sjálfsmat einstaklinga, þeim byrjar að finnast þeir einskis virði. Þannig hefur þetta mjög viðtæk áhrif á persónuleikaþroska. Sérstaklega ef þetta byrjar á unglingsárunum þar sem einstaklingurinn er í mótun, spyr sig hver hann er og hvað hann vill og lendir síðan í þessu. Hvernig getur hann speglað sig í einhverju heilbrigðu? Hann hefur ekki þessa speglun. Þetta hef ég séð hjá þessum stelpum á deildinni, það vantar kannski alveg heilu kaflana í þroska þeirra. Þessar stelpur koma oft til okkar vegna mikils þunglyndis og sjálfsvígshugsana.

Það er ákveðin áhætta fólgin í því að fara einn á afvikinn stað með ókunnugum. Þegar um ræðir einn einstakling sem selur öðrum aðgang að líkama sínum í slíkum aðstæðum er hættan á ofbeldi alltaf til staðar (Winick og Kinsie, 1971). Í samræmi við þetta hafa rannsóknir gefið til kynna að aðaláhyggjuefni margra kvenna í vandi er ofbeldi af hendi kaupenda (Greene o.fl., 1999). Melissa Farley og Howard Barkan (1998) gerðu rannsókn þar sem þau tóku viðtöl við 130 einstaklinga sem stunduðu vandi í Los Angeles. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að 82% þeirra sögðust hafða orðið fyrir líkamsárás í starfi, um 83% sögðust hafa verið ógnað með vopni einu sinni eða oftari, 68% sögðust hafa lent í því að vera nauðgað og 84% sögðust hafa verið heimilislaus einhvern tíma á því tímabili sem þeir höfðu stundað vandi. Ung íslensk kona sem

var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi segir ofbeldi oft fylgifisk vændis. Hún kallar þetta aukaofbeldi þar sem hún segir vændi í sjálfu sér vera ofbeldi.

Það er mjög mikið um ofbeldi. Aukaofbeldi. Ég kalla það aukaofbeldi vegna þess að vændi er ofbeldi í sjálfu sér. Vændi er borguð nauðgun. Það er ekki aukaofbeldi í hvert skipti en oft. Þó svo að líkamlega sé ég öryrki eftir þetta þá fór andlega ofbeldið miklu verr í mig. Orðin sem þeir sögðu. Ég lifði spörkin af og allt það. Það greri einhvern veginn. En svívirðingarnar og hvernig mér var lýst og hvað þeir sögðu við mig, þau sár gróa ekki. Ef ég gerði það ekki nógu vel og ekki nógu sannfærandi, var ekki nógu sannfærandi barn, var ekki nógu sannfærandi eitthvað, þá var mér bara hent í vegginn og sagt við mig: „Þegi þú helvítis djöfulsins mellann þín” og fleira og fleira. Peningarnir teknir og farið.

Meðan á barsmíðunum stóð hugsaði ég oft, æ gott kannski dey ég bara núna. Manni fer að standa svo rosalega á sama. Sama um sig. Þetta brýtur allt niður, það litla sem fyrir var er drepíð. Þannig að hugsunin er, því fyrr sem ég dey því betra. Vonandi eru þetta bara síðustu högginn. Að ég lifi þetta ekki af.

En ég fékk aldrei að fara upp á spítala. Bara nokkrum sinnum ef það kom ígerð í sár. Ef það kom ígerð þá fór hann [vændissalinn] með mér til að útskýra. Ég er náttúrulega með mikil ör, líka í klofinu - en nei ég mátti ekki fara á spítala.

Niðurstöður erlendra rannsókna sýna að auk andlegs og líkamlegs ofbeldis og vanlíðunar reynist smitun sjúkdóma, svo sem alnæmis og lifrabólgu einnig mjög algeng (McClanahan, o.fl., 1999; DeMatteo, o.fl., 1999). Þá eru sjálfsmorð og sjálfsmorðstilraunir mun algengari hjá þeim sem stunda vændi

en öðrum, en það getur verið örþrífafyllsta leiðin sem gripið er til að komast út úr vændi (Greene, o.fl.,1999; Yates, o.fl., 1991; Winick og Kinsie, 1971). Ungur strákur sem var í vímuefnaneyslu og vændi frá 15 til 18 ára aldri lýsir því hér hve mikil vanlíðan og svartnýni fylgdi líferni hans.

Ég reyndi margar sjálfsvígstilraunir. Reyndi náttúrulega oft að fremja sjálfsmorð. Þá var ég búinn að selja mig fyrir peninga og dóp í 3 ár og var orðinn heimilislaus. Ég var algjörlega kominn á botninn, orðin alger rúst. Var kominn með nóg af öllu, fjölskyldunni minni og lífinu öllu. Þetta var bara svo sjúkt þegar maður var í neyslu.

Ung kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi segist tvisvar sinnum hafa gert tilraun til sjálfsmorðs á þeim 6 árum sem liðin eru frá því hún komst út úr vændi og hætti að neyta vímuefna. Síðan þá hefur hún barist við þær þungbæru afleiðingar sem fylgdu í kjölfarið. Hún segir afleiðingar vændis koma öllum við. Kaupendur vændis séu menn í þjóðfélaginu sem allir geta þekkt, án þess að vita af því. Þeir geti verið „Gunni frændi og Siggí maður vinkonu okkar”. Hún segir að fáránleikinn sé fullkomnaður með því að hún þurfi að fela sig en ekki þeir. Svona lýsir hún líðan sinni dag:

Í 6 ár hef ég ekki sofið eðlilegan nætursvefn. Alltaf, alla daga er ég heltekin angist, einmanaleika, öryggisleysis, hræðslu, vonleysi, martröðum í vöku og svefni. Ég er alltaf á verði, í smæstu atriðum sem enginn sér. Finnst ég alltaf kámug, skítug, ógeðsleg. Treysti engum og óttast alla. Angistin er stjórnlaus og yfirþyrmandi, hjartað skelfur alla daga. Alltaf.

Ég veit ekki hversu mörg ár eru eftir hjá mér í þessari líðan, þangað til mér auðnast kraftur til að

endurheimta persónu mína. Ég sakna hennar svo sárt og þótt að æskan hafi á svo margan hátt leikið hana grátt og að hjartað hafi verið sett í frysti þá fyrir öðru fólki, þá átti stelpan góða spretti og mikla hæfileika. En allt var þagað í hel og enginn hélt neitt annað en að stelpan væri sæl. Dópið varð minn besti vinur. Þar var eina skjólið að finna. Þar fann ég „frið“.

Þótt ég eigi „góð tímabil“ í dag þar sem ég fer út og vinn eða geri hluti, fer í skóla, eða hvað það er, er það allt gert á jöxlum sem byggðir eru úr stáli. Ég fæ aldrei frí, aldrei. Sál mín er aldrei róleg, aldrei óhrædd, aldrei óþvinguð, alltaf tilbúin, alltaf ein. Alveg hræðilega stingandi mikið ein. Það er óskiljanleg og allt að því ótrúleg fortíð mín sem veldur því. En ég á gott andlit sem felur allt.

Mín heitasta ósk til lífsins er að ég fái að kynnast því að fá ró í hjartað, að kynnast sál minni í hvíld. Að ég fái hvíld. Frið. Stundum í sakleysi mínu trúi ég á betra líf, held að ég lifi þetta af. Og svo stundum trúi ég því alls ekki. Þangað til berst ég baráttu hinna sterku um að láta ofbeldið ekki sigra mig. Ég vil sýna því í tvo heimana og verða sterkari en allt það ljótasta sem fyrir mig hefur komið.

6. Vangaveltur um úrræði

Rannsóknnum hefur verið beitt til þess að kanna hvaða úrræði eigi við þegar bregðast á við vændi, bæði fyrir þjóðfélagið í heild og fyrir einstaklinginn sem út í það leiðist (Hedin og Månsson, 1998). Erlendis hafa ýmsar leiðir verið farnar í þessum tilgangi. Þar má meðal annars nefna hlut félags- og heilbrigðiskerfisins í að koma á sérfræðisþjónustu og aðstoð og hlut löggjafarvaldsins og réttarkerfisins í að setja og framfylgja lögum og reglum.

Félags-og heilbrigðisþjónusta

Frá árinu 1977 hafa opinberir aðilar í Svíðþjóð og Noregi tekið þátt í og stutt verkefni sem hafa það að markmiði að draga úr vændi. Þessu markmiði hefur verið reynt að ná með tvennum hætti. Annars vegar með því að hjálpa einstaklingum að komast úr vændi og hefja nýtt og betra líf og hins vegar með því að stunda rannsóknir á þessu sviði (Høigård og Finstad, 1986). Í rannsóknnum hefur meðal annars komið fram að konur sem eru að reyna að komast út úr vændi leita sér helst sérfræðiaðstoðar við sálrænum og líkamlegum kvillum, vegna samskipta við fjölskyldu og vini, við að byggja upp tilfinningaleg og kynferðisleg tengsl við elskhuga, vegna fjárhagserfiðleika og aðstoðar við atvinnuleit. Þá hefur það sýnt sig að stuðningshópar vændiskvænna eru mjög mikilvægir í þessu ferli (Hedin og Månsson, 1998).

Þessi starfsemi hefur gefið af sér upplýsingar sem leitt hafa til markvissari úrræða og stefnumótunar. Í Danmörku er hefðin fyrir slíkri aðstoð ekki jafn löng en frá árinu 1983 hafa nokkur slík verkefni verið sett á laggirnar. Meðal annars má nefna Pro-centret og Hreiðrið (Reden) í Kaupmannahöfn, þar sem einstaklingar í vandi geta leitað sér ráðgjafar, hjálpar og húsaskjól. Tengt þessari starfsemi eru einnig opnar símalínur, fyrir konur og karla í vandi þar sem veitt er ráðgjöf (Pro-Centret, 1998; Reden, 1999).

Í viðtölum við íslenska sérfræðinga sem hafa kynnst vandi í gegnum starf sitt á ýmsum stofnunum þjóðfélagsins, svo sem í heilbrigðiskerfi, lögreglu, barnaverndarnefnd, félagsþjónustu, meðferðarheimilum og athvörfum hefur komið fram að þangað leita einstaklingar sem leiðst hafa út í vandi. Ekki er til nein sérsniðin þjónusta fyrir einstaklinga í vandi á Íslandi en af fyrrgreindri upptalningu stofnana sem þeir sækja hér á landi er ljóst að mörg önnur vandamál einkenna þennan hóp. Þessar komur tengdar vandi eru ekki skráðar kerfisbundið á þessum stofnunum, hvorki á slysadeild, neyðarmóttöku, bráðamóttöku, geðdeildum né á meðferðarstofnunum. Þetta má meðal annars rekja til þess að viðfangsefnið er mjög viðkvæmt og oft ekki viðurkennt. Einn viðmælandi sagði meðal annars að: „Vandi er eitthvað sem enginn festi á blað og því er oft lítið gert með það”. Sérfræðingur hjá lögreglunni tekur undir þetta og segir einstaklinga innan lögreglunnar vita ýmislegt starfs síns vegna en skipulögð vitneskja innan stofnunarinnar sé lítil og hvergi skráð svo hann viti. Sérfræðingar á þessum

stofnunum segja þessi mál lítið rædd og að einstaklingar reyni oft að halda þessum málum út af fyrir sig. Sökum þess sé markvissari meðhöndlun og aðstoð á stofnunum ábótavant og sérþekking á viðfangsefninu lítil.

Löggjöf

Eins og kemur fram í nýútkominni skýrslu um samanburð á löggjöf Norðurlanda um klám og vændi, er Ísland eina landið á Norðurlöndunum þar sem stundun vændis í framfærsluskyni er refsiverð (Svala Ólafsdóttir, 2000). Afnáam slíkra refsinga hefur verið rökstutt með þeim hætti að vændi sé fyrst og fremst félagslegt vandamál sem ætti að fyrirbyggja með félagslegum úrræðum fyrir þá sem það stunda. Til að stemma stigu við vændi hafa Svíar hins vegar brugðið á það ráð að gera kaup á vændi refsivert þar sem sett hafa verið sérstök lög þar um (BRÅ-rapport, 2000). Löggjöf þessi var sett árið 1998 og tók gildi 1. janúar ári síðar en í gegnum árin hafa vísindamenn á Norðurlöndunum fært rök fyrir því að þetta sé leið til að minnka eftirspurn eftir vændi. Rökin fyrir þessu hafa meðal annars verið að vændi sé oft og tíðum gróft ofbeldi gegn einstaklingum sem hafi í för með sér alvarlegar afleiðingar bæði fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í heild, þá séu flestir viðskiptavinirnir venjulegir menn sem misnoti sér bágar aðstæður annarra og með slíkri löggjöf sé verið að draga siðferðislega línu sem færri færu yfir en annars (Høigård og Finstad, 1986). Enn er ekki löng reynsla komin á hana í Svíþjóð en á fyrsta árinu eftir að lögin tók gildi hlutu tólf menn

í Svíþjóð dóm fyrir að brjóta lögin. Ástæður þess eru taldar vera lagatæknilegs eðlis, annars vegar varðandi afmörkun brotsins, það er hvenær brotið telst vera fullframið, og hins vegar varðandi erfiðleika í sönnunarfærslu (BRÁ-rapport, 2000). Löggjöfinni getur því verið erfitt að fylgja eftir eins og á við um önnur jafn margþætt og viðkvæm málefni. Hins vegar er ljóst að lögin hafa vakið miklar umræður um viðfangsefnið og tilfinningaviðbrögð, ekki síst meðal karlmanna. Með lagasetningunni hefur ábyrgð á vandi beinst frá þolanda yfir á geranda og er vonast til þess að þrátt fyrir þá gremju sem sumir lýsa í dag muni lögin þegar til lengri tíma er litið skapa einstaklingum aukna möguleika og frelsi til að stofna til félagslegra kynna á jafningjagrundvelli (Månsson, 2000).

7. Niðurlag

Með vaxandi lífsgæðum og kröfu um almenna vellíðan og heilsu í nútímasamfélagi hafa vísindamenn á undanförunum áratugum litið til félagslegs umhverfis og aðstæðna þeirra einstaklinga sem leiðast út í vændi. Rannsóknir gefa til kynna að oftast en ekki eiga í hlut einstaklingar sem búa við bágar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður sem fara þessa leið til að lifa af í hörðum heimi.

Í þessari rannsókn á vændi á Íslandi og félagslegu umhverfi þess beindist athyglin einkum að ungu fólki sem selur líkama sinn í þeim tilgangi að afla sér lífsviðurværis, það sem kallað hefur verið nauðarvændi (survival sex) (Greene, o.fl., 1999). Einnig var fjallað um vændi meðal fullorðinna einstaklinga svo sem tilviljanakennt vændi á götum úti og vændi í heimahúsum. Þá var fjallað um þá aðila sem skipuleggja sölu og kaup á vændi hvort heldur er í gegnum ákveðna staði svo sem heimahús og nektardansstaði eða ekki. Að lokum var fjallað um barnavændi sem á sér stað á Íslandi, barnaníðinga og tengsl þeirra við dreifingu barnakláms. Þrátt fyrir að umfjöllun um nauðarvændi hafi í þessari rannsókn einskordast við ungt fólk í erfiðum aðstæðum má líta svo á að allar fyrrgreindar myndir vændis teljist til nauðarvændis, þar sem um er að ræða einstaklinga í bágu félagslegum eða fjárhagslegum aðstæðum þar sem vímuefnaneysla og ofbeldi eiga oft hlut að máli. Þó ber að hafa í huga að líklegt er að til séu einstaklingar hér á landi sem kjósi sér þetta hlutskipti án þess að neyðast til þess

vegna bágra félagslegra eða fjárhagslegra aðstæðna þó slíkt hafi ekki komið fram í þessari athugun. Engar forsendur eru því til að álykta frekar um það.

Eins og fram hefur komið birtist vændi í mörgum myndum og nær ómögulegt er að festa hendur á öllum þeim mismunandi aðstæðum og stöðum á Íslandi þar sem vændi fer fram. Enn er mörgum spurningum ósvarað og munu áframhaldandi rannsóknir á viðfangsefninu gefa frekari svör. Sú athugun sem liggur að baki þessari áfangaskýrslu hefur nú þegar staðið yfir í hálfu ári, en erlendar rannsóknir á vændi spanna frá nokkrum mánuðum upp í áratugi. Þessari vinnu er því ekki lokið og stefnt er að því að afla enn frekari upplýsinga um viðfangsefnið í framtíðinni. Þar má meðal annars nefna þann þátt sem kaupendur eiga í vændi, en sá þáttur hefur nýlega hlotið aukna athygli rannsóknamanna erlendis (Månsson, 2000; McCaghy o.fl., 2000). Slík athugun krefst annarar nálgunar og frekari upplýsingaöflunar en hér var komið við.

Flestir eru sammála um mikilvægi þess að koma þurfi til móts við þá einstaklinga sem leiðst hafa út í vændi. Ekki síst vegna þeirra hrikalegu líkamlegu og andlegu afleiðinga sem það hefur. Þrátt fyrir það er engin slík ráðgjöf eða þjónusta til staðar hér á landi. Eins og komið hefur fram í þessari skýrslu leita einstaklingar í vændi nú þegar eftir þjónustu til hinna ýmsu stofnana þjóðfélagsins, til að mynda heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hins vegar virðist sjaldan koma fram í málum einstaklinga hjá stofnunum hvort vændi eigi hlut að máli. Viðfangsefnið er viðkvæmt og margir þættir spila inn í, bæði

fyrir einstaklinginn sjálfan og þann sem meðhöndlar hann. Því er mikilvægt að byggja upp aðstöðu og sérfræðipækkingu sem samankomin er á einum stað sem getur gefið sig út fyrir að aðstoða fólk sem leiðst hefur út í vændi. Það er ekki fyrr en þá sem einstaklingar fá viðurkenningu á þeim afleiðingum sem þeir glíma við og að hægt verður að aðstoða þá við að takast á við þær.

Heimildir

- Barry, K., (1995). *The Prostitution of Sexuality: The Global Exploitation of Women*. New York: New York University Press.
- Bogdan Robert C. & Biklen Sari K. (1998.). *Qualitative Research in Education* (þriðja útg.) Needham Heights, MA: Allyn & Bacon.
- BRÅ-rapport (2000). *Förbud mot köp av sexuella tjänster: Tillämpningen av lagen under första året*. Stockholm: BRÅ .
- Bullough, V., L., Elcano, M., Deacon, M. og Bullough, B., (1977). *A Bibliography of Prostitution*. New York: Garland.
- Bullough, V., L. og Sentz, L., (1992). *Prostitution. A Guide to Sources, 1970-1990*. New York: Garland.
- Bullough, B. og Bullough, V., L., (1998). Female Prostitution: Current Research and Changing Interpretations. Í Elias, J., E., Bullough, V.,L., Elias, V. og Brewer, G., (Ritstj.), *Prostitution: On Whores, Hustlers and Johns*. New York: Prometheus Books.
- Deisher, R., Robinson, G. og Boyer, D., (1982). The adolescent female and male prostitute. *Pediatric Annual*, 11, (10), 819-825.
- DeMatteo, D., Major, C., Block, B., Coates, R., Fearon, M., Goldberg, E., King, S., M., Millson, M., O'Shaughnessy, M. og Read, S., E., (1999). Toronto street youth and

- HIV/AIDS: prevalence, demographics, and risks. *Journal of Adolescents Health*, 25 (5), 358-66.
- El-Bassel, D., S.,W., Schilling, R., F., Irwin, K., L., Faruque, S., Gilbert, L., Von Bargen, J., Serrano, Y. og Edlin, B., R., (1997). Sex Trading and Psychological Distress among Women Recruited from the Streets of Harlem. *American Journal of Public Health* 87: 66-70.
- Farley, M. og Barkan, H., (1998). Prostitution, Violence and Posttraumatic Stress Disorder. *Women and health*, 27(3), 37-49.
- Goldstein, P., J., Ouellet, L., J. og Fendrich, M., (1992). From bag brides to skeezers: a historical perspective on sex-for-drugs-behavior. *Journal of Psychoactive Drugs*, 24, 349-361.
- Graham, N. og Wisch, E.,D., (1994). Drug use among female arrestees: onset, patterns and relationships to prostitution. *Journal of Drug Issues*, 24, 315-329.
- Greene, J., M., Ennett, S., T. og Ringwalt, C., L., (1999). Prevalence and correlates of survival sex among runaway and homeless youth. *American Journal of Public Health*, 89, 1406-1409.
- Hansína B. Einarsdóttir (2000). Munnleg heimild.
- Hedin, U.,C. og Månsson, S.,A., (1998). *Vägen ut: Om kvinnors uppbrott ur prostitutionen*. Stockholm: Carlsson Bokförlag.
- Hoigård, C. og Finstad, L., (1986). *Bakgater: Om prostitusjon, penger og kjærlighet*. Oslo: Pax Forlag.

- Høigård C. og Finstad, L., (1992). *Backstreets: Prostitution, money and love* (2. útgáfa). Pennsylvania: Polity press.
- James, J., (1976). Prostitution and addiction: an interdisciplinary approach. *Addictive Diseases*, 2, 601-618.
- James, J. og Meyerding, J., (1977). Early Sexual Experience and Prostitution. *American Journal of Psychiatry*, 12, 1381-1385.
- Kneeland, G., J., (1913). *Commercialized prostitution in New York City*. New York: Century Company.
- Kuhn, J., B., Heide, K., M. og Silverman, I., (1992). Substance use/misuse among female prostitutes and female arrestees. *International Journal of the Addictions*, 27, 1283-1292.
- Lewis, J., (1998) Lap dancing: Personal and legal implications for exotic dancers. Í Elias, J., E., Bullough, V.,L., Elias, V. og Brewer, G., (Ritstj.), *Prostitution: On Whores, Hustlers and Johns*. New York: Prometheus Books.
- Månsson, S., M., (2000). Men's practices in prostitution: The case of Sweden. (To be published in Pease, Bob and Pringle, Keith (eds): *Globalising Men*, London: Zed.)
- McCaghy, C., H., Capron, T., A. og Jamieson, J., D., (2000). *Deviant behavior: Crime, conflict and interest groups* (5. útgáfa). Boston: Allyn & Bacon.
- McClanahan, S., F., McClelland, G., M., Abraham, K., M. og Teplin, L., A., (1999). Pathways into prostitution among

- female Jail detainees and their implications for mental health services. *Psychiatric Services*, 50 (12), 1606-1613.
- McConaghy N., (1998). Paedophilia: a review of the evidence. *Australian New Zealand Journal of Psychiatry*, 32 (2), 252-65.
- Miller, J., (1995). Gender and power on the streets: Street prostitution in the era of crack cocaine. *Journal of Contemporary Ethnology*, 23 (4), 427.
- Parent-Duchatelet, A., J., B., (1937). *De la prostitution dans la ville de Paris (2. útgáfa)*. Paris: J. B. Bailliére.
- Parker, J., (2000). *How prostitution works*. San Fransisco: Prostitution research and education.
- Pedersen, W., og Hegna, K., (2000). Children and adolescents selling sex. *Tidsskrift Nordiske Lægeforen*, 120(2), 215-20.
- Prentky, R., A., Lee, A., F., Knight, R., A. og Cerce, D., (1997). Recidivism rates among child molesters and rapists: a methodological analysis. *Law and Human Behavior*, 21 (6), 635-59.
- PRO-Centret, (1998). *PRO-Centret: Årsberetning 1998*. København.
- Ragnheiður Eiríksdóttir og Sigursteinn Másson, (2000). *Sex í Reykjavík*. Reykjavík: Stöð tvö.
- Reden, (1999). *De spildte pigeliv: om Redens arbejde med prostituerede gennem 15 år*. København: P.Z. Design.

- Regoli, R., M. og Hewitt, J., D., (2000). *Delinquency in Society (4. útgáfa)*. Boston: The McGraw-Hill Companies, Inc.
- Rice, M., E., Quinsey, V., L. og Harris, G., T., (1991). Sexual recidivism among child molesters released from a maximum security psychiatric institution. *Journal of Consultant and Clinical Psychology*, 59(3):381-6
- Rotheram-Borus, M., J., Mahler, K., A., Koopman, C., o.fl., (1996). Sexual abuse history and associated multiple risk behavior in adolescent runways. *American Journal of Orthopsychiatry*, 66, 390-400.
- Seng, M., J., (1989). Child sexual abuse and adolescent prostitution: a comparative analysis. *Adolescence*, 24,665-675.
- Strauss, A. L. (1987/1996) *Qualitative analysis for social scientists*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Svala Ólafsdóttir, (2000). *Klám og vændi: samanburður á löggjöf Norðurlanda*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Taylor, S., J. og Bogdan, R., (1984). *Introduction to qualitative research methods: The Search for meaning*. New York, NY: John Wiley and Sons.
- Widom, C., S. og Ames, M., A., (1994). Criminal consequence of childhood sexual victimization. *Child abuse and neglect*, 18, 303-318.

- Widom, C., S. og Kuhn, J., B., (1996). Childhood Victimization and Subsequent Risk for Promiscuity, Prostitution and Teenage Pregnancy: A Prospective Study. *American Journal of Public Health*, 86 (11), 1607-1612.
- Winick, C. og Kinsie, P., (1971). *The Lively Commerce: Prostitution in the United States*. Chicago: Quadrangle books.
- Yates, G., L., Mackenzie, R., G., Pennbridge, J. og Swofford, A., (1991). A risk profile comparison of homeless youth involved in prostitution and homeless youth not involved. *Journal of Adolescence Health*, 12 (7), 545-548.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, (1997). Skipulagt vandi á Íslandi. *Mannlíf*, 14(6) 20-30.